

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 22

3. árgangur

23.5.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

96/EES/22/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/96 frá 1. mars 1996 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 01 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/8/EB frá 10. apríl 1995 um breytingu á tilskipun 77/535/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um aðferðir við sýnatöku úr og greiningu á tilbúnum áburði (Greiningaraðferðir fyrir snefilefni yfir 10% að styrkleika)..... 02
96/EES/22/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/96 frá 12. mars 1996 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn..... 25 Ákvörðun nr. 155 frá 6. júlí 1994 um sýnishorn af eyðublöðum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 401-411) sem samþykkt var af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega..... 26
96/EES/22/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/96 frá 1. mars 1996 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn..... 54 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95 frá 20. apríl 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92..... 56
96/EES/22/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/96 frá 1. mars 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn..... 63 Tilskipun ráðsins 94/66/EB frá 15. desember 1994 um breytingu á tilskipun 88/609/EBE um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmsloftið..... 64
96/EES/22/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/96 frá 4. mars 1996 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 67 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/42/EB frá 19. júlí 1995 um breytingu á tilskipun 93/102/EB um breytingu á tilskipun 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda..... 68
96/EES/22/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/96 frá 4. mars 1996 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 69 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/35/EB frá 14. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna..... 70 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/36/EB frá 14. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna..... 72
96/EES/22/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/96 frá 4. mars 1996 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn..... 90

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/22/01

nr. 10/96
frá 1. mars 1996

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/8/EB frá 10. apríl 1995 um breytingu á tilskipun 77/535/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um aðferðir við sýnatöku úr og greiningu á tilbúnum áburði (Greiningaraðferðir fyrir snefilefni yfir 10% að styrkleika)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 77/535/EBE) í XIV. kafla II. viðauka við samninginn:

Gjört í Brussel 1. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

„- **395 L 0008:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/8/EB frá 10. apríl 1995 (Stjttð. EB nr. L 86, 20. 4. 1995, bls. 41).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/8/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. EB nr. L 86, 20. 4. 1995, bls. 41.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/8/EB**frá 10. apríl 1995****um breytingu á tilskipun 77/535/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um aðferðir við sýnatöku úr og greiningu á tilbúnum áburði(*)****(Greiningaraðferðir fyrir snefilefni með meira en 10% styrkleika)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/116/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 89/530/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 8. gr. a í sáttmálanum skal innri markaðurinn ná til svæðis án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Með tilskipun 89/530/EBE er bætt við tilskipun 76/116/EBE og henni breytt að því er varðar snefilefnin bór, kóbalt, kopar, járn, mangan, mólýbden og sink í tilbúinn áburð.

Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 77/535/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/1/EBE ⁽⁴⁾, er kveðið á um opinbert eftirlit með tilbúnum áburði í bandalaginu í því augnamiði að kanna hvort kröfum sem felast í ákvæðum bandalagsins um gæði og samsetningu tilbúins áburðar er fullnægt. Bæta ber við tilskipun 77/535/EBE þannig að einnig sé unnt að hafa eftirlit með þeim tilbúna áburði sem fjallað er um í tilskipun ráðsins 89/530/EBE.

Með hliðsjón af gildissviði og áhrifum fyrirhugaðra aðgerða eru ráðstafanir bandalagsins, sem eru fyrirhugaðar með þessari tilskipun, ekki aðeins nauðsynlegar heldur einnig óhjákvæmilegar til að sett markmið náist. Aðildarríkin geta ekki náð þessum markmiðum hvert í sínu lagi og í raun hefur í tilskipun

76/116/EBE þegar verið kveðið á um að þeim skuli náð á vettvangi bandalagsins.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með tilbúinn áburð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Aðferðunum sem eru tilgreindar í viðaukanum við þessa tilskipun er hér með bætt við II. viðauka við tilskipun 77/535/EBE.

Umræddar aðferðir gilda um tilbúinn áburð í bandalaginu og eru notaðar til að ákvarða snefilefni ef uppgengið innihald er meira en 10%.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu leiða í lög nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagananna*.

Gjört í Brussel 10. apríl 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 86, 29. 4. 1995, bls. 41, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/96 frá 1. mars 1996 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 21.

(2) Stjtið. EB nr. L 281, 30. 9. 1989, bls. 116.

(3) Stjtið. EB nr. L 213, 22. 8. 1977, bls. 1.

(4) Stjtið. EB nr. L 113, 7. 5. 1993, bls. 17.

VIÐAUKI

„Aðferð 10

SNEFILEFNI MEÐ MEIRA EN 10% STYRKLEIKA

Aðferð 10.1

ÚTDRÁTTUR HEILDARMAGNS SNEFILEFNA

1. UMFANG

Þessi aðferð lýsir útdrætti heildarmagns eftirtalinna snefilefna: bór, kóbalt, kopar, járn, mangan, mólýbden og sink. Stefnt er að því að halda útdrætti í lágmarki og nota þegar við verður komið sama útdrátt til að ákvarða heildarmagn hvers ofantalinna snefilefna um sig.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð við tilbúinn áburð í bandalaginu sem fjallað er um í tilskipun 89/530/EEG og inniheldur eitt eða fleiri eftirtalinna snefilefna: bór, kóbalt, kopar, járn, mangan, mólýbden og sink. Aðferðin gildir um hvert snefilefni um sig ef uppgæfið innihald er meira en 10%.

3. MEGINREGLA

Upplýsing í sjóðandi þynntri saltsýru.

Ath.: Útdrátturinn er byggður á athugunum og er ekki endilega magnbundinn með tilliti til viðkomandi vöru eða annarra efnisþátta áburðarins. Einkum þegar um er að ræða tiltekin manganoxíð getur útdregið magn verið umtalsvert minna en heildarmagn mangans í vörunni. Framleiðendur tilbúins áburðar skulu ábyrgjast að uppgæfið innihald svari í raun til þess magns sem er dregið út við þau skilyrði sem aðferðin skapar.

4. HVARFEFNI

4.1. Þynnt saltsýrulausn (HCl), um það bil 6 M

Einni rúmmálseiningu af saltsýru ($\rho = 1,18$ g/ml) er blandað saman við eina rúmmálseiningu af vatni.

4.2. Hrein ammóníaklausn (NH_4OH , $\rho = 0,9$ g/ml)

5. BÚNAÐUR

5.1. Rafhitaplate með hitastilli

5.2. pH-mælir

Ath.: Eigi að ákvarða bórinnihald útdráttar skal ekki nota bórsilíkatglas. Þar eð um suðu er að ræða er æskilegra að nota teflon eða kvars. Skola ber glasið vandlega hafi það verið þvegið með hreinsiefni sem inniheldur bóröt.

6. TILREIÐSLA SÝNIS

Sjá aðferð 1 (tilskipun 77/535/EBE).

7. GREININGARADFERÐ

7.1. Prófsýni

Tekið er 1 til 2 g sýni af áburði eftir tilgreindu magni viðkomandi næringarefnis. Styðjast ber við eftirfarandi töflu til að fá endanlega lausn sem, eftir hæfilega þynningu, verður innan mælingarsviðs hvernar aðferðar. Vega ber sýni með 1 mg nákvæmni.

Uppgefið innihald snefilefna í áburðinum (%)	> 10 < 25	³ 25
Massi prófsýnis (g)	2	1
Massi næringarefnis í sýninu (mg)	> 200 < 500	³ 250
Rúmmál útdráttar V (ml)	500	500
Styrkur næringarefnis í útdrætti (mg/l)	> 400 < 1 000	³ 500

Sýnið er látið í 250 ml bikarglas.

7.2. Tilreiðsla lausnarinnar

Ef með þarf er sýnið vætt með örlitlu vatni, 10 ml af þynntri saltsýru (4.1) er bætt varlega við í litlum skömmtum fyrir hvert gramm af áburði, því næst er um 50 ml af vatni bætt við. Bikarglasinu er lokað með úrgleri og lausninni blandað saman. Lausnin er hituð að suðu á hitaplötunni og látin sjóða í 30 mínútur. Látið kólna og hrært af og til. Lausnin er færð yfir í 500 ml mælikolbu magnbundið. Fyllt er upp að kvarðamerkinu með vatni og blandað vel saman. Lausnin er síuð gegnum þurrsú í þurrt ílát. Fyrsta skammtinum er fleygt. Útdrátturinn skal vera algerlega tær.

Mælt er með því að ákvarðanir fari fram án tafar á deiliskömmtum tærs súvökvans, ef ekki skal loka ílátunum með töppum.

Ath.: Útdrættir til ákvörðunar á bórinnihaldi:

pH er stillt milli 4 og 6 með því að bæta við hreinni ammóníaklausn (4.2).

8. ÁKVÖRÐUN

Ákvarða ber öll snefilefni með deiliskömmtum sem hæfa þeirri aðferð sem beitt er fyrir hvert einstakt snefilefni.

Ef um klóbundin eða samsett næringarefni er að ræða skal nota aðferð 10.3 áður en ákvörðun fer fram samkvæmt aðferðum 10.5, 10.6, 10.7, 10.9 og 10.10.

Oftast er slík meðferð ónauðsynleg ef um atómgleypnimælingu (aðferðir 10.8 og 10.11) er að ræða.

Aðferð 10.2**ÚTDRÁTTUR VATNSLEYSANLEGRA SNEFILEFNA****1. UMFANG**

Þessi aðferð lýsir útdrætti eftirtalinna snefilefna í vatnsleysanlegu ástandi: bór, kóbalt, kopar, járn, mangan, mólýbden og sink. Stefnt er að því að halda útdrætti í lágmarki og nota þegar við verður komið sama útdrátt til að ákvarða heildarmagn hvers ofantalinna snefilefna um sig.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð á tilbúinn áburð í bandalaginu sem fjallað er um í tilskipun 89/530/EBE og inniheldur eitt eða fleiri eftirtalinna snefilefna: bór, kóbalt, kopar, járn, mangan, mólýbden og sink. Aðferðin gildir um hvert snefilefni um sig ef uppgæfið innihald er meira en 10%.

3. MEGINREGLA

Snefilefnin eru dregin út með því að hrista áburðinn í vatni við $20 \pm 2^\circ\text{C}$

Ath.: Útdrátturinn byggir á athugunum og er ekki endilega magnbundinn.

4. HVARFEFNI**4.1. Þynnt saltsýrulausn (HCl), um það bil 6 M**

Einni rúmmálseiningu af saltsýru ($\rho = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við eina rúmmálseiningu af vatni.

5. BÚNAÐUR**5.1. Snúningshristari stilltur á um það bil 35 til 40 snúninga á mínútu.**

Ath.: Eigi að ákvarða bórinnihald í útdrætti skal ekki nota glerflát úr bórsílfkati. Æskilegra er að nota teflon eða kvars. Glerflátið skal skola vandlega hafi það verið þvegið með hreinsiefni sem inniheldur bóröt.

6. TILREIÐSLA SÝNIS

Sjá aðferð 1 (tilskipun 77/535/EBE).

7. GREININGARAÐFERÐ**7.1. Prófsýni**

Tekið er 1 til 2 g sýni af áburði miðað við uppgæfið innihald viðkomandi næringarefnis. Styðjast ber við eftirfarandi töflu til að fá endanlega lausn sem, eftir hæfilega þynningu, verður innan mælingarsviðs hvernar aðferðar. Vega ber sýni með 1 mg nákvæmni.

Uppgæfið innihald snefilefna í áburðinum (%)	> 10 < 25	³ 25
Massi prófsýnis (g)	2	1
Massi næringarefnis í sýninu (mg)	> 200 < 500	³ 250
Rúmmál útdráttar V (ml)	500	500
Styrkur næringarefnis í útdrætti (mg/l)	> 400 < 1 000	³ 500

Sýnið er látið í 500 ml kolbu.

7.2. Tilreiðsla lausnarinnar

Um það bil 400 ml af vatni er bætt við.

Kolbunni er vandlega lokað með tappa, rækilega hrist í höndunum til að dreifa sýninu, komið fyrir í hristaranum og hrist í 30 mínútur.

Fyllt er upp að kvarðamerkinu með vatni og blandað vel saman.

7.3. Tilreiðsla próflausnarinnar

Lausnin er síuð án tafar yfir í hreina, þurra kolbu. Kolbunni er lokað með tappa. Ákvörðun fer fram strax að síun lokinni.

Ath.: Verði síuvökvinn smám saman gruggugur skal annar útdráttur fara fram samkvæmt 7.1 og 7.2 í kolbu með rúmmálinu Ve. Hluti útdráttarins skal síaður í kvarðaða kolbu með rúmmálinu W sem áður hefur verið þurrkuð og 5 ml af þynntri saltsýrulausn (4.1) verið látið í. Um leið og kvarðamerkinu er náð er hætt að sía og blandað vel saman.

Þegar þessari aðferð er beitt er rúmmál útdráttar: $V = V_e \times W/(W-5)$

Það fer eftir þessu gildi V um hve mikla þynningu er að ræða í uppgefnum niðurstöðum.

8. ÁKVÖRDUN

Ákvarða ber öll snefilefni með deiliskömmtum sem hæfa þeirri aðferð sem beitt er fyrir hvert einstakt snefilefni.

Ef um klóbundin eða samsett næringarefni er að ræða skal nota aðferð 10.3 áður en ákvörðun fer fram samkvæmt aðferðum 10.5, 10.6, 10.7, 10.9 og 10.10.

Yfirleitt er slík meðferð ónauðsynleg ef um atómgleypnimælingu (aðferðir 10.8 og 10.11) er að ræða.

Aðferð 10.3

LÍFRÆN EFNASAMBÖND FJARLÆGÐ ÚR ÚTDRÆTTI TILBÚINS ÁBURÐAR

1. UMFANG

Þessi aðferð lýsir hvernig fjarlægja ber lífræn efnasambönd úr útdrætti úr tilbúnum áburði.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð til að greina áburðarsýni sem dregin eru út samkvæmt aðferðum 10.1 og 10.2 og tilgreina ber heildarmagn eða vatnsleysanlegt magn næringarefna fyrir samkvæmt tilskipun 89/530/EEB.

Ath.: Lífræn efni í litlum mæli hafa oftast nær engin áhrif á ákvarðanir sem eru gerðar með atómgleypnimælingu.

3. MEGINREGLA

Lífrænu efnasamböndin í deiliskammti útdráttarins eru oxuð með vetnisperoxíði.

4. HVARFEFNI

4.1. Þynnt saltsýrulausn (HCl), um það bil 0,5 M

Einni rúmmálseiningu af saltsýru ($\rho = 1,18$ g/ml) er blandað saman við 20 rúmmálseiningar af vatni.

4.2. Vetnisperoxíðlausn (30% H_2O_2 $\rho = 1,11$ g/ml), án snefilefna

5. BÚNAÐUR

Rafhitaplata með hitastilli.

6. GREININGARAÐFERÐ

Taka skal 25 ml af útdráttarlausn, sem er fengin með aðferð 10.1 eða 10.2, og setja í bikarglas. Ef aðferð 10.2 er viðhöfð er 5 ml af þynntu saltsýrulausninni (4.1) bætt við. Þá er bætt við 5 ml af vetnisperoxíðlausn (4.2) og glasinu lokað með úrgleri. Oxun er látin eiga sér stað við stofuhita í um eina klukkustund, þá er lausnin hituð smám saman að suðu og hún látin sjóða í hálfa klukkustund. Ef með þarf er öðrum 5 ml af vetnisperoxíði bætt við lausnina þegar hún hefur kólnað niður. Þá er hún látin sjóða til að fjarlægja umframvetnisperoxíð. Lausnin er látin kólna og færð yfir í 50 ml mælikolbu magnbundið og fyllt er upp að kvarðamerkinu með vatni. Lausnin er síuð ef nauðsyn krefur.

Taka ber mið af þessari þynningu þegar deiliskammtar eru teknir og hundraðshlutar snefilefna í vörunni reiknaðir.

Aðferð 10.4

ÁKVÖRÐUN SNEFILEFNA Í ÚTDRÆTTI TILBÚINS ÁBURÐAR MEÐ ATÓMGLEYPNIMÆLINGU (ALMENN AÐFERÐ)

1. UMFANG

Hér er lýst almennri aðferð til að ákvarða járn- og sinkmagn í útdrætti úr tilbúnum áburði með atómgleypnimælingu.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð til að greina áburðarsýni sem dregin eru út samkvæmt aðferðum 10.1 og 10.2 og tilgreina ber heildarmagn eða vatnsleysanlegt magn járns eða sinks fyrir samkvæmt tilskipun 89/530/EEB. Það kemur fram í lýsingu á hverri aðferð um sig hvernig þessari aðferð er breytt við ákvörðun á mismunandi snefilefnum.

Ath.: Lífræn efni í litlum mæli hafa oftast nær engin áhrif á ákvarðanir sem eru gerðar með atómgleypnimælingu.

3. MEGINREGLA

Eftir að útdrátturinn hefur verið meðhöndlaður, þar sem nauðsyn krefur, til að minnka eða eyða kemískum efnum sem hafa truflandi áhrif er hann þynntur uns atómgleypnimælirinn sýnir styrk hans innan ákjósanlegra marka á bylgjulengd sem er hæfileg til þess að ákvarða viðkomandi snefilefni.

4. HVARFEFNI

4.1. Þynnt saltsýrulausn (HCl), um það bil 6 M

Einni rúmmálseiningu af saltsýru ($\rho = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við eina rúmmálseiningu af vatni.

4.2. Þynnt saltsýrulausn (HCl), um það bil 0,5 M

Einni rúmmálseiningu af saltsýru ($\rho = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við 20 rúmmálseiningar af vatni.

4.3. Lanþan-saltlausnir (10 g La í hverjum lítra)

Þetta hvarfefni er notað til að ákvarða járn og sink. Það má tilreiða, annaðhvort:

a) með lanþanoxíði uppleystu í saltsýru (4.1). 11,73 g af lanþanoxíði (La_2O_3) eru sett í 150 ml af vatni í eins lítra mælikolbu og 120 ml af 6 M saltsýru (4.1) er bætt við. Efnið er látið leysast upp og fyllt upp að 1 l með vatni og blandað vel saman. Þessi lausn er um það bil 0,5 M með tilliti til saltsýru; eða

b) með lanþanklóríði, -nitrati eða -súlfati.

26,7 g af lanþanklóríðheptahýdrati ($\text{LaCl}_3 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$) eða 31,2 g af lanþannítrathexahýdrati ($\text{La}(\text{NO}_3)_3 \cdot 6\text{H}_2\text{O}$) eða 26,2 g af lanþansúlfatnónahýdrati ($\text{La}_2(\text{SO}_4)_3 \cdot 9\text{H}_2\text{O}$) eru þynnt í 150 ml af vatni, síðan er 85 ml af 6 M saltsýru (4.1) bætt við. Efnið er látið leysast upp og fyllt upp að 1 l með vatni og blandað vel saman. Þessi lausn er um það bil 0,5 M með tilliti til saltsýru.

4.4. Kvörðunarlausnir

Ef tilreiða á slíkar lausnir vísast til aðferða fyrir hvert snefilefni um sig.

5. BÚNAÐUR

Atómgleypnimælir búinn gjöfum sem senda frá sér geisla sem einkenna snefilefnið er ákvarða á.

Við notkun atómgleypnimælisins ber notanda að fara nákvæmlega eftir leiðbeiningum framleiðanda og kunna skil á tækinu. Tækið skal þannig gert að unnt sé að framkvæma bakgrunnsleiðréttingu ef nauðsyn krefur (t.d. sink). Lofttegundir sem ber að nota eru loft og asetýlen.

6. TILREIÐSLA GREININGARLAUSNARINNAR

6.1. Tilreiðsla útdráttarlausna sem innihalda næringarefnin sem á að ákvarða

Sjá aðferð 10.1 og/eða 10.2 og 10.3, eftir því sem við á.

6.2. Meðhöndlun próflausnar

Deiliskammtur útdráttarins sem er fenginn samkvæmt aðferð 10.1, 10.2 eða 10.3 er þynntur með vatni og/eða saltsýru (4.1) eða (4.2) til að fá fram, í endanlegri mælingarlausn, styrkleika næringarefnisins, sem á að ákvarða, er á við það kvörðunarsvið sem er notað (7.2) og saltsýrustyrkleika á bilinu 0,5 M til 2,5 M. Vera má að þynna þurfi skammtinn einu sinni eða oftar.

Endanleg lausn skal fengin með þeim hætti að setja deiliskammt af þynnta útdrættinum í 100 ml mælikolbu. Rúmmál deiliskammtsins kallast (a) ml. 10 ml af lanþan-saltlausninni (4.3) er bætt við. Fyllt er upp að kvarðamerkinu með 0,5 M saltsýrulausn (4.2) og blandað vel saman. Þynningarþátturinn er D.

7. GREININGARADFERÐ

7.1. Tilreiðsla núlllausnar

Núlllausn er tilreidd með því að endurtaka ferlið í heild, að útdrætti meðtöldum, nema hvað prófsýni af áburðinum er sleppt.

7.2. Tilreiðsla kvörðunarlausnar

Tilreiða skal minnst fimm kvörðunarlausnir í röð í 100 ml mælikolbum, úr kvörðunarlausninni sem er tilreidd samkvæmt þeirri aðferðarlýsingu sem er sett fram fyrir hvert snefilefni um sig, í vaxandi styrkleika innan ákjósanlegs mælisviðs atómgleypnimælisins. Ef nauðsyn krefur skal lagfæra styrkleika saltsýrunnar þannig að hann liggi eins nálægt styrkleika þynntu próflausnarinnar (6.2) og frekast er unnt. Er ákvarða á járn eða sink er 10 ml af sömu lanþan-saltlausninni (4.3) og notuð er í 6.2 bætt við. Fyllt er upp að kvarðamerkinu með 0,5 M saltsýrulausn (4.2) og blandað vel saman.

7.3. Ákvörðun

Atómgleypnimælirinn (5) er undirbúinn fyrir ákvörðunina og stilltur á bylgjulengdina sem er tilgreind í aðferðinni sem gildir um viðkomandi snefilefni.

Kvörðunarlausnunum (7.2), próflausninni (6.2) og núlllausninni (7.1) er úðað þrisvar í röð, niðurstöður skoðaðar í hvert sinn og tækið gegnumskolað með eimuðu vatni milli þess sem úðað er.

Kvörðunarferillinn er dreginn með því að staðsetja meðaltalsaflestra mælisins fyrir hverja kvörðunarlausn (7.2) á y-ásnum og samsvarandi styrkleika næringarefnisins, hann er gefinn upp í mg/ml, á x-ásinn.

Ákvarða ber styrkleika viðkomandi snefilefnis í próflausninni X_s (6.2) og núlllausninni X_b (7.1) út frá þessum ferli. Gefa skal styrkleikann upp í mg/ml.

8. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Hundraðshluti snefilefnis (E) í áburðinum jafngildir:

$$E (\%) = [(X_s - X_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 10.3 verið beitt:

$$E (\%) = [(X_s - X_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem:

E er magn snefilefnis sem er ákvarðað, gefið upp sem hundraðshluti áburðar;

X_s er styrkleiki próflausnar (6.2) í mg/ml;

X_b er styrkleiki núlllausnar (7.1) í mg/ml;

V er rúmmál útdráttar samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2 í ml;

D er sá þáttur sem samsvarar þynningu samkvæmt 6.2;

M er massi prófsýnisins, sem er tekið samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2, í grömmum.

Útreikningur þynningarþáttar D:

Ef (a_1) , (a_2) , (a_3) , ... , (a_i) og (a) eru deiliskammtar og (v_1) , (v_2) , (v_3) , ... , (v_i) og (100) eru rúmmálseiningar í ml sem samsvara tilsvarende þynningu þeirra, jafngildir þynningarþátturinn D:

$$D = (v_1/a_1) \times (v_2/a_2) \times (v_3/a_3) \times \dots \times (v_i/a_i) \times (100/a)$$

Aðferð 10.5

ÁKVÖRÐUN BÓRS Í ÚTDRÆTTI TILBÚINS ÁBURÐAR MEÐ SÝRUTÍTRUN

1. UMFANG


Hér er lýst aðferð til að ákvarða bórsmagn í útdrætti úr tilbúnum áburði.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð á útdrætti úr áburðarsýnum sem eru fengnir samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2 og gefa þarf upp heildarbórrinnihald eða innihald vatnsleysanlegs bórs fyrir samkvæmt tilskipun 89/530/EBE.

3. MEGINREGLA

Samsett efnasamband mannitol og bór myndast með eftirfarandi efnahvörfum:



Efnasambandið er títrað með natríumhýdroxíðlausn uns pH er 6,3.

4. HVARFEFNI

4.1. Metýlrauð litvísislausn

Í 100 ml kolbu er 0,1 g af metýlrauðu ($C_{15}H_{15}N_3O_2$) þynnt í 50 ml af 95% etanóli. Fyllt er upp að 100 ml kvarðamerkinu með vatni og blandað vel saman.

4.2. Þynnt saltsýrulausn, um það bil 0,5 M

Einni rúmmálseiningu af saltsýru, HCl ($\rho = 1,18$ g/ml) er blandað saman við 20 rúmmálseiningar af vatni.

4.3. Natríumhýdroxíðlausn, án koldíoxíðs, um það bil 0,5 M

Í 1 l mælikolbu sem inniheldur um 800 ml af soðnu vatni eru 20 g af natríumhýdroxíði (NaOH) í töfluformi leyst upp. Er lausnin hefur kólnað er fyllt upp að 1 000 ml með soðnu vatni og blandað vel saman.

4.4. Staðalnatriumhýdroxíðlausn, um það bil 0,025 M

Þynna skal 0,5 M natríumhýdroxíðlausn (4.3), án koldíoxíðs, 20 sinnum með soðnu vatni og blanda vel saman. Ákvarða ber gildi lausnarinnar sem er gefið upp sem bór (B) (sjá 9. lið).

4.5. Kvörðunarlausn bórs (100 mg/ml B)

Í 1 000 ml mælikolbu eru 0,5719 g af bórsýru (H_3BO_3), vegin með 0,1 mg nákvæmni, leyst upp í vatni. Fyllt er upp að kvarðamerkinu með vatni og blandað vel saman. Lausninni er hellt yfir í plastflösku til geymslu í kælikáp.

4.6. D-mannitól ($C_6H_{14}O_6$), duft

4.7. Natríumklóríð ($NaCl$)

5. BÚNAÐUR

5.1. pH-mælir með glerrafskauti

5.2. Segulmagnaður hræripinni

5.3. 400 ml bikarglas með teflonpinna

6. TILREIÐSLA GREININGARLAUSNARINNAR

6.1. Tilreiðsla bórlausnar

Sjá aðferðir 10.1, 10.2 og 10.3, eftir því sem við á.

7. GREININGARAÐFERÐ

7.1. Prófun

Deiliskammtur (a) af útdrættinum (6.1), sem inniheldur 2 til 4 mg B, er settur í 400 ml bikarglas (5.3). Síðan er 150 ml af vatni og nokkrum dropum af metýlrauðri litvísislausn (4.1) bætt við.

Þegar útdráttur fer fram samkvæmt aðferð 10.2 er lausnin sýrð með því að bæta í hana 0,5 M saltsýru (4.2) uns litvísislausnin tekur breytingum. Þá er öðrum 0,5 ml af 0,5 M saltsýru (4.2) bætt við.

Eftir að 3 g af natríumklóríði (4.7) hefur verið bætt við er lausnin hituð að suðu til að fjarlægja koldíoxíðið og látin kólna. Bikarglasið er sett á hræripinnann (5.2) og rafskaut pH-mælisins (5.1), sem áður hefur verið kvarðaður, eru sett ofan í glasið.

Sýrustig pH er stillt nákvæmlega á 6,3, fyrst með 0,5 M natríumhýdroxíðlausninni (4.3), þá með 0,025 M lausninni (4.4).

Bætt er við 20 g af D-mannitóli (4.6), það látið leysast upp fullkomlega og blandað vel saman. Lausnin er títruð með 0,025 M natríumhýdroxíðlausninni (4.4) uns pH er 6,3 (stöðugleiki í minnst 1 mínútu). Nauðsynlegt rúmmál er x_1 .

8. NÚLLLAUSN

Núlllausn er tilreidd með því að endurtaka ferlið í heild, allt frá tilreiðslu lausnarinnar, nema hvað prófsýni af áburðinum er sleppt. Nauðsynlegt rúmmál er x_0 .

9. BÓRINNIHALD (B) NATRÍUMHÝDROXÍÐLAUSNARINNAR (4.4).

Með rennipípu eru 20 ml (2,0 mg B) af kvörðunarlausninni (4.5) fluttir yfir í 400 ml bikarglas og nokkrum dropum af metýlrauðri litvísislausn (4.1) bætt við. Þar næst er 3 g af natríumklóríði (4.7) og saltsýrulausn (4.2) bætt við uns litvísislausnin (4.1) tekur breytingum.

Fyllt er upp að 150 ml með vatni, lausnin hituð varlega að suðu til að fjarlægja koldíoxíðið og hún látin kólna. Bikarglasið er sett á hræripinnann (5.2) og rafskaut pH-mælisins (5.1), sem áður hefur verið kvarðaður, eru sett ofan í glasið. Sýrustig er stillt á nákvæmlega 6,3, fyrst með 0,5 M natríumhýdroxíðlausninni (4.3), þá með 0,025 M lausninni (4.4).

Bætt er við 20 g af D-mannitóli (4.6), það látið leysast upp fullkomlega og blandað vel saman. Lausnin er titruð með 0,025 M natríumhýdroxíðlausninni (4.4) uns pH er 6,3 (stöðugleiki í minnst 1 mínútu). Nauðsynlegt rúmmál er V_1 .

Núlllausn er tilreidd á sama hátt þar sem 20 ml af vatni koma í stað kvörðunarlausnarinnar. Nauðsynlegt rúmmál er V_0 .

Bórinnihald (F) staðalnatríumhýdroxíðlausnarinnar (4.4) í mg/ml er sem hér segir:

$$F \text{ (í mg/ml)} = 2/(V_1 - V_0)$$

1 ml af nákvæmlega 0,025 M natríumhýdroxíðlausn samsvarar 0,27025 mg B.

10. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Hundraðshluti bórs í áburðinum jafngildir:

$$B \text{ (%) } = \frac{(X_1 - X_0) \cdot F \cdot V}{10 \cdot a \cdot M}$$

þar sem:

B(%) er hundraðshluti bórs í áburðinum;

X_1 er rúmmál 0,025 M natríumhýdroxíðlausnarinnar (4.4) í ml;

X_0 er rúmmál 0,025 M natríumhýdroxíðlausnarinnar (4.4) í ml sem notuð er til að títra núlllausnina (8);

F er bórinnihald (B), í mg/ml, 0,025 M natríumhýdroxíðlausnarinnar (4.4);

V er rúmmál útdráttar samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2 í ml;

a er rúmmál deiliskammtsins (7.1) af útdrættinum (6.1) í ml;

M er massi prófsýnisins, sem er tekið samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2, í grömmum.

Aðferð 10.6

ÁKVÖRÐUN KÓBALTS Í ÚTDRÆTTI TILBÚINS ÁBURÐAR MEÐ ÞYNGDARGREININGU ÞAR SEM 1-NÍTRÓSÓ-2-NAFTÓL ER NOTAÐ

1. UMFANG

Hér er lýst aðferð til að ákvarða kóbalt í útdrætti úr tilbúnum áburði.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð á útdrætti úr áburðarsýnum sem eru fengnir samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2 og gefa þarf upp heildarkóbaltinnihald fyrir samkvæmt tilskipun 89/530/EBE.

3. MEGINREGLA

Kóbalt III myndar ásamt 1-nítrósó-2-naftól rautt botnfall $\text{Co}(\text{C}_{10}\text{H}_6\text{ONO})_3 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$. Eftir að kóbaltinu, sem er í útdrættinum, hefur verið komið yfir í kóbalt III er kóbaltið botnfellt í ediksýrðu umhverfi með 1-nítrósó-2-naftóllausn. Að síun lokinni er botnfallið þvegið og þurrkað uns þyngdin er stöðug og síðan vegið sem $\text{Co}(\text{C}_{10}\text{H}_6\text{ONO})_3 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$.

4. HVARFEFNI

4.1. Vetnisperoxíðlausn (H_2O_2 $\rho = 1,11$ g/ml) 30% 4.2. Natríumhýdroxíðlausn, um það bil 2 M

8 g af natríumhýdroxíði í töfluformi eru leyst upp í 100 ml af vatni.

4.3. Þynnt saltsýrulausn, um það bil 6 M

Einni rúmmálseiningu af saltsýru, HCl ($\rho = 1,18$ g/ml) er blandað saman við eina rúmmálseiningu af vatni.

4.4. Ediksýra (99,7% $\text{CH}_3\text{CO}_2\text{H}$) ($\rho = 1,05$ g/ml)

4.5. Ediksýrulausn (1 : 2), um það bil 6 M

Einni rúmmálseiningu af ediksýru (4.4) er blandað saman við tvær rúmmálseiningar af vatni.

4.6. Upplausn 1-nítrósó-2-naftóls í ediksýru

Nú eru 4 g af 1-nítrósó-2-naftóli leyst upp í 100 ml af ediksýru (4.4) og 100 ml af volgu vatni er bætt við. Blandað vel saman. Lausnin er síuð án tafar og notuð þegar í stað.

5. BÚNAÐUR

5.1. Síudeigla P 16/ISO 4793, grop 4, rúmar 30 eða 50 ml

5.2. Þurrkofn, stilltur á 130 ± 2

6. TILREIÐSLA GREININGARLAUSNARINNAR

6.1. Tilreiðsla kóbaltlausnar

Sjá aðferð 10.1 eða 10.2.

6.2. Tilreiðsla greiningarlausnarinnar

Deiliskammur af útdrættinum sem inniheldur 20 mg eða minna af Co er settur í 400 ml bikarglas. Ef útdrátturinn er fenginn samkvæmt aðferð 10.2 er hann gerður súr með fimm dropum af saltsýrulausn (4.3). Um 10 ml af vetnisperoxíðlausn (4.1) er bætt við. Hið oxandi efni er látið verka kalt í 15 mínútur og fyllt er upp með vatni að um 100 ml. Bikarglasinu er lokað með úrgleri. Lausnin er hituð, látin sjóða í um 10 mínútur og síðan kæld. Vökvinn er gerður basískur með dropa fyrir dropa af natríumhýdroxíðlausninni (4.2) uns svart kóbalthýdroxíð byrjar að falla til botns.

7. GREININGARAÐFERÐ

Setja skal 10 ml af ediksýru (4.4) og bæta við vatni þar til lausnin er orðin um 200 ml. Lausnin er hituð að suðumarki. 20 ml af 1-nítrósó-2-naftóllausninni (4.6) er bætt við í dropatali með mælípípu um leið og hrært er í án afláts. Að lokum er hrært duglega til að botnfallið hlaupi.

Vökvinn er síaður gegnum síudeiglu (5.1) sem áður hefur verið vegin og þess gætt að deiglan stíflist ekki með því að sjá til þess að vökvi sé ávallt yfir botnfalli meðan síað er.

Bikarglasið er þvegið með þynntri ediksýru (4.5) til að fjarlægja allt botnfall, botnfallið í síunni er þvegið með þynntri ediksýru (4.5) og síðan þrisvar með heitu vatni.

Botnfallið er þurrkað í þurrkofni (5.2) við 130 ± 2 uns stöðugri þyngd er náð.

8. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

1 mg af Co ($C_{10}H_6ONO)_3 \cdot 2H_2O$ botnfalli samsvarar 0,096381 mg Co.

Hundraðshluti kóbalts (Co) í áburðinum jafngildir:

$$Co (\%) = X \cdot 0,096381 \cdot \frac{V \cdot D}{a \cdot M}$$

þar sem:

X er massi botnfalls í mg;

V er rúmmál útdráttarlausnar samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2 í ml;

a er rúmmál deiliskammtsins, sem er tekinn úr síðustu þynningu, í ml;

D er þynningarþáttur deiliskammtsins;

M er massi prófsýnisins í grömmum.

Aðferð 10.7

ÁKVÖRÐUN KOPARS Í ÚTDRÆTTI TILBÚINS ÁBURÐAR MEÐ TÍTRUNARMÆLINGU

1. UMFANG


Hér er lýst aðferð til að ákvarða kopar í útdrætti úr tilbúnum áburði.

2. GILDISSVIÐ


Þessi aðferð er notuð á útdrætti úr áburðarsýnum sem eru fengnir samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2 og gefa þarf upp heildarkoparinnihald fyrir samkvæmt tilskipun 89/530/EEC.

3. MEGINREGLA

Kúpríjónunum er fækkað í sýrumiðli með kalíumjodíði:



Joðið sem losnar með þessum hætti er títrað með staðalnatríumþíósúlfatlausn þar sem sterkja kemur fyrir sem litvísir:



4. HVARFEFNI

4.1. Saltpéturssýra (HNO_3 , $\rho = 1,40$ g/ml)

4.2. Þvagefni $[(NH_4)_2 C=O]$

4.3. Ammóníumbíflúoríðlausn (NH_4HF_2) 10% w/v

Lausnin er geymd í plastfláti.

4.4. Ammóníumhýdroxíðlausn (1+1)

Einni rúmmálseiningu af ammóníaki (NH_4OH , $\rho = 0,9$ g/ml) er blandað saman við eina rúmmálseiningu af vatni.

4.5. Natríumþíósúlfatstaðallausn

Í 1 l mælikolbu er 7,812 g af natríumþíósúlfatpentahýdrati ($\text{Na}_2\text{S}_2\text{O}_3 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$) blandað saman við vatn. Lausnin skal tilreidd þannig að 1 ml = 2 mg Cu. Nokkrum klóróformdropum er bætt við til að koma lausninni í jafnvægi. Geyma ber lausnina í glerfláti og hún varin fyrir birtu.

4.6. Kalíumjodíð (KI)

4.7. Kalíumþíósíanatlausn (KSCN), 25% w/v

4.8. Sterkjulausn, um það bil 0,5%

Í 600 ml bikarglas eru sett 2,5 g af sterkju. Um 500 ml af vatni er hellt yfir. Látið sjóða meðan hrært er í. Kælt niður í stofuhita. Lausnin hefur takmarkað geymsluþol en unnt er að auka geymsluþolið með því að bæta við um 10 mg af kvikasílfursjodíði.

5. TILREIÐSLA GREININGARLAUSNARINNAR

Tilreiðsla koparlausnarinnar

Sjá aðferðir 10.1 og 10.2.

6. GREININGARAÐFERÐ

6.1. Tilreiðsla lausnarinnar fyrir títrun

Setja skal deiliskammt af greiningarlausninni, sem inniheldur minnst 20-40 mg Cu, í 500 ml Erlenmeyerkolbu.

Lausnin er soðin stutta stund til að fjarlægja umframsúrefni. Fyllt er upp með vatni í um 100 ml. Þá er 5 ml af saltpéturssýru (4.1) bætt við, hitað að suðumarki og látið sjóða í um það bil hálfa mínútu.

Erlenmeyerkolban er tekin af hitatækinu, um 3 g af þvagefni (4.2) er bætt við og lausnin látin sjóða á ný í um það bil hálfa mínútu.

Kolban er tekin af hitatækinu og 200 ml af köldu vatni bætt við. Ef nauðsyn krefur er innihald kolbunnar kælt niður í umhverfishita.

Ammóníumhýdroxíðlausn (4.4) er bætt við í smáskömmum uns lausnin verður blá. Þá er 1 ml til viðbótar bætt við.

50 ml af ammóníumbíflúoríðlausn (4.3) er bætt við og blandað saman.

10 g af kalíumjodíði (4.6) er bætt við og leyst upp.

6.2. Títrun lausnarinnar

Erlenmeyerkolban er sett á segulmagnaða hræripinnann. Pinninn er settur í kolbuna og stilltur á æskilegan hraða.

Natríumþíósúlfatstaðallausn (4.5) er bætt við með mælípípu uns brúnn litur joðs sem leyst hefur verið dofnar.

10 ml af sterkjulausn (4.8) er bætt við.

Lausnin er títrað áfram með natríumbíósúlfatstaðallausninni (4.5) uns purpuraliturinn er næstum horfinn.

20 ml af kalíumbíósíanatlausninni (4.7) er bætt við og títrað áfram uns fjólblái liturinn er algerlega horfinn.

Athuga ber það magn af bíósúlfatlausn sem notað er.

7. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

1 ml af bíósúlfatstaðallausn (4.5) samsvarar 2 mg Cu.

Hundraðshluti kopars í áburðinum jafngildir:

$$\text{Cu (\%)} = X \frac{V}{a \cdot M \cdot 5}$$

þar sem:

X er rúmmál natríumbíósúlfatlausnarinnar sem er notuð í ml;

V er rúmmál útdráttarlausnar samkvæmt aðferðum 10.1 og 10.2 í ml;

a er rúmmál deiliskammtsins í ml;

M er massi prófsýnisins, sem er meðhöndlað samkvæmt aðferðum 10.1 og 10.2, í grömmum.

Aðferð 10.8

ÁKVÖRÐUN JÁRNS Í ÚTDRÆTTI TILBÚINS ÁBURÐAR MEÐ ATÓMGLEYPNIMÆLINGU

1. UMFANG

Hér er lýst aðferð til að ákvarða járn í útdrætti úr tilbúnum áburði.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð á útdrætti úr áburðarsýnum sem eru fengnir samkvæmt aðferðum 10.1 og 10.2 og gefa þarf upp heildarinnihald járn og/eða vatnsleysanlegs járn fyrir samkvæmt tilskipun 89/530/EEB.

3. MEGINREGLA

Eftir viðeigandi meðferð og þynningu útdráttarins er járninnihald ákvarðað með atómgleypnimælingu.

4. HVARFEFNI

4.1. Saltsýrulausn, um það bil 6 M

Sjá lið 4.1 í aðferð 10.4.

4.2. Saltsýrulausn, um það bil 0,5 M

Sjá lið 4.2 í aðferð 10.4.

4.3. Vetnisperoxíðlausn (30% H₂O₂, r = 1,11 g/ml) án snefilefna

4.4. Lanþan-saltlausnir (10 g La fyrir hvern lítra)

Sjá lið 4.3 í aðferð 10.4.

4.5. Kvörðunarlausn járns

4.5.1. Stofnlausn járns (1 000 mg/ml)

Í 500 ml bikarglas er 1 g af hreinum járnvír vegið með 0,1 mg nákvæmni. Þá er 200 ml af 6 M saltsýru (4.1) og 15 ml af vetnisperoxíðlausn (4.3) hellt yfir. Lausnin er hituð á hitaplötu uns járníð er algerlega uppleyst. Lausnin er flutt magnbundið, eftir að hún hefur kólnað, yfir í 1 000 ml mælikolbu. Fyllt er upp að kvarðamerkinu með vatni og blandað vel.

4.5.2. Vinnulausn járns (100 mg/ml)

Í 200 ml mælikolbu eru settir 20 ml af stofnlausn (4.5.1). Fyllt er upp að kvarðamerkinu með 0,5 M saltsýrulausn (4.2) og blandað vel.

5. BÚNAÐUR

Atómgleypnimælir: sjá 5. lið í aðferð 10.4. Tækið skal búið geislagjafa sem einkennir járn og stillt á bylgjulengd 248,3 nm.

6. TILREIÐSLA GREININGARLAUSNARINNAR

6.1. Útdráttarlausn járns

Sjá aðferð 10.1 eða 10.2 og 10.3, eftir því sem við á.

6.2. Tilreiðsla próflausnar

Sjá lið 6.2 í aðferð 10.4. Próflausnin skal innihalda 10% (v/v) lanþíum-saltlausn.

7. GREININGARAÐFERÐ

7.1. Tilreiðsla núlllausnar

Sjá lið 7.1 í aðferð 10.4. Núlllausnin skal innihalda 10% (v/v) lanþíum-saltlausnarinnar sem er notuð í 6.2.

7.2. Tilreiðsla kvörðunarlausna

Sjá lið 7.2 í aðferð 10.4.

Til að ná ákjósanlegu mælisviði milli 0 og 10 g járns (Fe) á ml eru 0, 2, 4, 6, 8 og 10 ml af vinnulausninni (4.5.2) komið fyrir í röð af 100 ml mælikolbum. Ef með þarf er styrkleiki saltsýrunnar lagaður að styrkleika próflausnarinnar eins og kostur er. Þá er 10 ml af lanþan-saltlausninni sem er notuð í 6.2 bætt við. Fyllt er upp að kvarðamerkinu með 0,5 M saltsýrulausn (4.2) og blandað vel. Þessar lausnir innihalda 0, 2, 4, 6, 8 og 10 mg járns á ml á tilsvarende hátt.

7.3. Ákvörðun

Sjá lið 7.3 í aðferð 10.4. Atómgleypnimælirinn (5) er stilltur til að mæla á bylgjulengdinni 248,3 nm.

8. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Sjá 8. lið í aðferð 10.4.

Hundraðshluti járns í áburðinum jafngildir:

$$\text{Fe (\%)} = [(X_s - X_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Ef aðferð 10.3 er beitt:

$$\text{Fe (\%)} = [(X_s - X_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem:

Fe er magn járns gefið upp sem hundraðshluti áburðar;

X_s er styrkleiki próflausnar (6.2) í mg/ml;

X_b er styrkleiki núlllausnar (7.1) í mg/ml;

V er rúmmál útdráttar samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2 í ml;

D er sá þáttur sem samsvarar þynningu samkvæmt 6.2;

M er massi prófsýnisins, sem er tekið samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2, í grömmum.

Útreikningur þynningarþáttar D:

Ef (a_1), (a_2), (a_3), ... , (a_i) og (a) eru deiliskammtar og (v_1), (v_2), (v_3), ... , (v_i) og (100) eru rúmmálseiningar í ml sem samsvara tilsvarende þynningu þeirra, jafngildir þynningarþátturinn D:

$$D = (v_1/a_1) \times (v_2/a_2) \times (v_3/a_3) \times \dots \times (v_i/a_i) \times (100/a)$$

Aðferð 10.9

ÁKVÖRÐUN MANGANS Í ÚTDRÆTTI TILBÚINS ÁBURÐAR MEÐ TÍTRUN

1. UMFANG

Hér er lýst aðferð til að ákvarða mangan í útdrætti úr tilbúnum áburði.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð á útdrætti úr áburðarsýnum sem eru fengnir samkvæmt aðferðum 10.1 og 10.2 og gefa þarf upp heildarmanganinnihald fyrir samkvæmt tilskipun 89/530/EEB.

3. MEGINREGLA

Ef klóríðjónir eru í útdrættinum eru þær fjarlægðar með því að sjóða hann með brennisteinssýru. Manganið er oxað með natríumbismútati í saltpéturssýrumiðli. Permangan sem myndast er afoxað með umframjárnsúlfati. Þetta umframmagn er títrað með kalíumpermanganlausn.

4. HVARFEFNI

4.1. Óþynnt brennisteinssýra (H_2SO_4 , $\tau = 1,84$ g/ml)

4.2. Brennisteinssýra, um það bil 9 M

Einni rúmmálseiningu af óþynntri brennisteinssýru (4.1) er blandað vel saman við eina rúmmálseiningu af vatni.

4.3. Saltpéturssýra, 6 M

Premur rúmmálseiningum af saltpéturssýru (HNO_3 , $\rho = 1,40 \text{ g/ml}$) er blandað saman við fjórar rúmmálseiningar vatns.

4.4. Saltpéturssýra, 0,3 M

Einni rúmmálseiningu af 6 M saltpéturssýru er blandað saman við 19 rúmmálseiningar af vatni.

4.5. Natríumbismút (NaBiO₃) (85%)

4.6. Kísilgúr

4.7. Ortófosfórsýra, 15 M (H_3PO_4 , $\rho = 1,71 \text{ g/ml}$)

4.8. Járnúlfatlausn, 0,15 M

Í eins lítra mælikolbu eru 41,6 g af járnúlfatheptahýdrati ($\text{FeSO}_4 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$) leyst upp.

Þá er 25 ml af óþynntri brennisteinssýru (4.1) og 25 ml af fosfórsýru (4.7) bætt við. Fyllt er upp að 1 000 ml og blandað.

4.9. Kalíumpermanganatlausn, 0,020 M

3,160 g af kalíumpermanganati (KMnO_4) eru vegin með 0,1 mg nákvæmni. Efnið er leyst upp í mælikolbu í 1 000 ml af vatni.

4.10. Silfurnítratlausn, 0,1 M

1,7 g af silfurnítrati (AgNO_3) eru leyst upp í vatni og fyllt upp að 100 ml.

5. BÚNAÐUR

5.1. Síudeigla P16/ISO 4793, grop 4, rúmmál 50 ml, uppfest á 500 ml síukolbu

5.2. Segulmagnaður hræripinni

6. TILREIÐSLA GREININGARLAUSNARINNAR

6.1. Útdráttarlausn mangans

Sjá aðferðir 10.1 og 10.2. Ef ekki er vitað hvort klóríðjónir eru í lausninni er framkvæmt próf með einum dropa af silfurnítratlausn (4.10).

6.2. Ef klóríðjónir eru ekki í lausninni er deiliskammtur af útdrættinum, sem inniheldur 10 til 20 mg af mangani, settur í hátt 400 ml bikarglas. Fyllt er upp að um 25 ml annaðhvort með uppgufun eða með því að bæta við vatni. 2 ml af óþynntri brennisteinssýru (4.1) er bætt við.

6.3. Ef klóríðjónir eru í lausninni er nauðsynlegt að fjarlægja þær á eftirfarandi hátt:

Deiliskammtur af útdrættinum, sem inniheldur 10 til 20 mg af mangani, er settur í hátt 400 ml bikarglas. 5 ml af 9 M brennisteinssýru (4.2) er bætt við og vökvinn hitaður að suðu á hitaplötu í dragskáp og látinn sjóða uns efnismikill hvítur reykur myndast. Suðu er haldið áfram uns rúmmál er komið niður í um 2 ml (þunnt lag af sírópskenndum vökva á botni bikarglassins). Bikarglasið er látið kólna niður í stofuhita.

25 ml af vatni er varlega bætt við og einu sinni enn prófað hvort klóríð finnst í lausninni með einum dropa af silfurnítratslausn (4.10). Ef klóríð fyrirfinnst er aðgerðin endurtekinn eftir að 5 ml af 9 M brennisteinssýru (4.2) hefur verið bætt við.

7. GREININGARAÐFERÐ

Nú er 25 ml af 6 M saltpéturssýru (4.3) og 2,5 g af natríumbismútati (4.5) bætt út í 400 ml bikarglasið sem inniheldur próflausnina. Hrært er rækilega með segulmagnaða hræripinnanum (5.2) í þrjár mínútur.

Þá er 50 ml af 0,3 M saltpéturssýru (4.4) bætt við og hrært á ný. Lausnin er síuð í lofttómi gegnum síudeiglu (5.1) þar sem botninn er þakinn kísilgúr (4.6). Deiglan er skoluð nokkrum sinnum með 0,3 M saltpéturssýru (4.4) uns síuvökvinn verður litlaus.

Síuvökvinn og skolvökvinn eru færðir yfir í 500 ml bikarglas. Vökvunum er blandað saman og 25 ml af 0,15 M járnsúlfatlausn (4.8) er bætt við. Ef síuvökvinn verður gulur eftir að járnsúlfati er bætt við er 3 ml af 15 M ortófosfórsýru (4.7) bætt við.

Með því að nota mælípípu er umframjárnsúlfat títrað með 0,02 M kalíumpermanganatlausn (4.9) uns blandan verður bleik og liturinn helst stöðugur í eina mínútu. Núllpróf er framkvæmt við sömu skilyrði nema að próflausninni er sleppt.

Ath.: Oxaða lausnin má ekki komast í snertingu við gúmmí.

8. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

1 ml af 0,02 M kalíumpermanganatlausn svarar til 1,099 mg af mangani (Mn).

Hundraðshluti mangans í áburðinum jafngildir:

$$\text{Mn (\%)} = (X_b - X_s) \cdot 0,1099 \cdot \frac{V}{a \cdot M}$$

þar sem:

X_b er rúmmál permanganats í núlllausninni í ml;

X_s er rúmmál permanganats í próflausninni í ml;

V er rúmmál útdráttarlausnar samkvæmt aðferðum 10.1 og 10.2 í ml;

a er rúmmál deiliskammtsins af útdrættinum í ml;

M er massi prófsýnisins í grömmum.

Aðferð 10.10

ÁKVÖRÐUN MÓLÝBDENS Í ÚTDRÆTTI TILBÚINS ÁBURÐAR MEÐ
ÞYNGDARGREININGU ÞAR SEM 8-HÝDROXÝKVÍNÓLÍN ER NOTAÐ

1. UMFANG

Hér er lýst aðferð til að ákvarða mólýbden í útdrætti úr tilbúnum áburði.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð á útdrætti úr áburðarsýnum sem eru fengnir samkvæmt aðferðum 10.1 og 10.2 og gefa þarf upp mólýbdeninnihald fyrir samkvæmt tilskipun 89/530/EBE.

3. MEGINREGLA

Mólybdenmagn er ákvarðað með útfellingu mólybdenýloxínats við sérstök skilyrði.

4. HVARFEFNI

4.1. Brennisteinssýrulausn, um það bil 1 M

55 ml af brennisteinssýru (H_2SO_4 , $\rho = 1,84 \text{ g/ml}$) er hellt varlega í eins lítra mælikolbu sem inniheldur 800 ml af vatni og blandað. Eftir kælingu er fyllt upp að einum lítra og blandað.

4.2. Þynnt ammóníakslausn (1 : 3)

Einni rúmmálseiningu af óþynntri ammóníakslausn (NH_4OH , $\rho = 0,9 \text{ g/ml}$) er blandað saman við þrjár rúmmálseiningar af vatni.

4.3. Þynnt ediksýrulausn (1 : 3)

Einni rúmmálseiningu af óþynntri ediksýru (99,7% CH_3COOH , $\rho = 1,049 \text{ g/ml}$) er blandað saman við þrjár rúmmálseiningar af vatni.

4.4. Etylendíamíntetraediksýrulausn (EDTA)

Í 100 ml mælikolbu eru 5 g af Na_2EDTA leyst upp í vatni. Fyllt er upp að kvarðamerkinu og blandað.

4.5. Jafnalausn

Í 100 ml mælikolbu eru 15 ml af óþynntri ediksýru og 30 g af ammóníumasetati leyst upp í vatni og fyllt upp að 100 ml kvarðamerkinu.

4.6. 7-hýdroxýkvínólínlausn (oxín)

Í 100 ml mælikolbu eru 3 g af 8-hýdroxýkvínólíni leyst upp í 5 ml af óþynntri ediksýru. Þá er 80 ml af vatni er bætt við. Ammóníaklausninni (4.2) er bætt við í dropatali uns lausnin verður gruggug og síðan ediksýrunni (4.3) uns hún verður tær á ný.

Fyllt er upp að 100 ml með vatni.

5. BÚNAÐUR

5.1. Síudeigla P16/ISO 4793, grop 4, rúmmál 30 ml

5.2. pH-mælir með glerrafskauti

5.3. Þurrkofn, stilltur á 130 til 135

6. TILREIÐSLA GREININGARLAUSNARINNAR

6.1. Tilreiðsla mólybdenlausnarinnar

Sjá aðferðir 10.1 og 10.2.

7. GREININGARAÐFERÐ

7.1. Tilreiðsla próflausnarinnar

Deiliskammtur sem inniheldur 25 til 100 mg af Mo er settur í 250 ml bikarglas. Fyllt er upp að 50 ml með vatni.

Lausnin er stillt á pH 5 með því að bæta brennisteinssýrulausninni (4.1) við í dropatali. 15 ml af EDTA-lausninni (4.4) er bætt við og síðan 5 ml af jafnalausninni (4.5). Fyllt er upp að um 80 ml með vatni.

7.2. Botnfall framkallað og þvegið

Botnfall framkallað.

Lausnin er lítið eitt hituð. Oxínlausninni (4.6) er bætt við um leið og stöðugt er hrært. Útfellingu er haldið áfram meðan hennar verður vart. Hvarfefni er bætt við uns lausnin sem flýtur ofan á verður eilítið gul. Oftast nægja 20 ml. Botnfallið er hitað eilítið áfram í tvær til þrjár mínútur.

Síun og þvottur.

Vökvinn er síaður gegnum síudeiglu (5.1). Skolað er nokkrum sinnum með 20 ml af heitu vatni. Skolvatnið á smám saman að verða litlaust sem sýnir að oxínið er horfið.

7.3. Botnfallið vegið

Botnfallið er þurrkað við 130 til 135° uns stöðugri þyngd er náð (í minnst eina klukkustund).

Botnfallið er látið kólna í þurrkara og síðan vegið.

8. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

1 mg af mólýbdenýloxínati, $\text{MoO}_2(\text{C}_9\text{H}_6\text{ON})_2$, svarar til 0,2305 mg af Mo.

Hundraðshluti mólýbdeni í áburðinum jafngildir:

$$\text{Mo (\%)} = X \cdot 0,02305 \cdot \frac{V \cdot D}{a \cdot M}$$

þar sem:

X er massi mólýbdenoxínatbotnfallsins í mg;

V er rúmmál útdráttarlausnar samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2 í ml;

a er rúmmál deiliskammtsins, sem er tekinn úr síðustu þynningu, í ml;

D er þynningarþáttur deiliskammtsins;

M er massi prófsýnisins í grömmum.

Aðferð 10.11

ÁKVÖRÐUN SINKS Í ÚTDRÆTTI TILBÚINS ÁBURÐAR MEÐ ATÓMGLEYPNIMÆLINGU

1. UMFANG

Hér er lýst aðferð til að ákvarða sink í útdrætti úr tilbúnum áburði.

2. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð á útdrætti úr áburðarsýnum sem eru fengnir samkvæmt aðferðum 10.1 og 10.2 og gefa þarf upp sinkinnihald fyrir samkvæmt tilskipun 89/530/EBE.

3. MEGINREGLA

Að lokinni viðeigandi meðferð og þynningu útdráttanna er magn sinks ákvarðað með atómgleypnimælingu.

4. HVARFEFNI

4.1. Saltsýrulausn, um það bil 6 M

Sjá lið 4.1 í aðferð 10.4.

4.2. Saltsýrulausn, um það bil 0,5 M

Sjá lið 4.2 í aðferð 10.4.

4.3. Lanþan-saltlausn (10 g af La fyrir hvern lítra)

Sjá lið 4.3 í aðferð 10.4.

4.4. Kvörðunarlausnir sinks

4.4.1. Stofnlausn sinks (1 000 mg/ml)

Í 1 000 ml mælikolbu er 1 g af sinkdufti eða flögum, vegið með 0,1 mg nákvæmni, leyst upp í 25 ml af 6 M saltsýru (4.1). Þegar efnið er uppleyst að fullu er fyllt upp að kvarðamerkinu með vatni og blandað vel saman.

4.4.2. Vinnulausn sinks (100 mg/ml)

Í 200 ml mælikolbu eru 20 ml af stofnlausninni (4.4.1) þynntir í 0,5 M saltsýrulausn (4.2). Fyllt er upp að kvarðamerkinu með 0,5 M saltsýrulausn og blandað vel saman.

5. BÚNAÐUR

Atómgleypnimælir.

Sjá 5. lið í aðferð 10.4. Mælinn, sem búinn skal sinklampa, skal stilla á bylgjulengdina 213,8 nm. Við mælingu skal gera ráð fyrir bakgrunnsleiðréttingu.

6. TILREIÐSLA GREININGARLAUSNARINNAR

6.1. Útdráttarlausn sinks

Sjá aðferð 10.1 og/eða 10.2.

6.2. Tilreiðsla próflausnar

Sjá lið 6.2 í aðferð 10.4. Próflausnin skal innihalda 10% (v/v) lanþan-saltlausn (4.3).

7. GREININGARAÐFERÐ

7.1. Tilreiðsla núlllausnar

Sjá lið 7.1 í aðferð 10.4. Núlllausnin skal innihalda 10% (v/v) af lanþan-saltlausninni sem er notuð í 6.2.

7.2. Tilreiðsla kvörðunarlausnar

Sjá lið 7.2 í aðferð 10.4. Til að ná ákjósanlegu mælisviði milli 0 og 5 Ág sinks á ml eru 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 ml af vinnulausn (4.4.2) komið fyrir í röð af 100 ml mælikolbum. Ef með þarf er styrkleiki saltsýrunnar lagaður að styrkleika próflausnarinnar eins og kostur er. Þá er 10 ml af lanþan-saltlausninni sem er notuð í 6.2 er bætt við í hverja mælikolbu. Fyllt er upp að kvarðamerkinu með 0,5 M saltsýrulausn (4.2) og blandað vel.

Þessar lausnir innihalda 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 mg sinks á ml á tilsvarende hátt.

7.3. Ákvörðun

Sjá lið 7.3 í aðferð 10.4. Atómgleypnimælirinn (5) er stilltur til að mæla á bylgjulengdinni 213,8 nm.

8. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Sjá 8. lið í aðferð 10.4.

Hundraðshluti sinks í áburðinum jafngildir:

$$Zn (\%) = [(X_s - X_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 10.3 verið beitt:

$$Zn (\%) = [(X_s - X_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem:

Zn er magn sinks gefið upp sem hundraðshluti áburðar;

D = óskilgetið barn (ef eyðublaðið er fyllt út fyrir karlkyns launþega, skal einungis tilgreina óskilgetin börn ef faðerni eða framfærsluskylda hans hefur verið opinberlega viðurkennt)

E = barn maka sem býr á heimili launþegans

F = barnabörn, bræður og systur sem viðkomandi einstaklingur hefur á heimili sínu. Einnig systkinabörn og þeirra börn ef þar til bær stofnun er á Grikklandi

G = önnur börn sem hafa fastan samastað á heimilinu með sömu stöðu og börn launþegans (fósturbörn).

Tilgreina skal önnur tengsl (t.d. afi) nákvæmlega.

(⁶) Aðeins skal tilgreina börn undir 16 ára aldri fyrir stofnanir í Noregi.

(⁷) Ef aðstandandi býr ekki á þeim stað sem er tilgreindur í lið 2.3 skal tilgreina það hér að neðan.

Tilgreina skal hvort barn sé á munaðarleysingjahæli, í sérskóla eða á annarri vistunarstofnun fyrir stofnanir í Noregi.

Föðurnafn/Eftirnafn og nafn/nöfn

Heimilisfang(⁴)

(⁸) Fyllist út af sendistofnun.

(⁹) Fyllist aðeins út af vinnuveitanda ef hann greiðir fjölskyldubætur í búsetulandi.

(¹⁰) Í þessu tilviki ætti stofnun á búsetustað að tilgreina fjárhæð fjölskyldubóta sem veittar hefðu verið ef sótt hefði verið um. Ef ekki eru fyrir hendi nægar upplýsingar til þess skal hún í lið 7 tilgreina þá fjárhæð sem kveðið er á um í löggjöf hennar vegna sérhvers aðstandanda.

(¹¹) Eingöngu verður tilgreind heildarfjárhæð þegar um norskar fjölskyldubætur er að ræða.

(¹²) Tilgreina skal gjöld sem vísað er til í skýringarlið 10, eftir því sem við á.

(¹³) Fyllist út af stofnun á búsetustað aðstandanda, eða að öðrum kosti samskiptastofnun.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/22/03

nr. 12/96
frá 1. mars 1996

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95 frá 20. apríl 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 11b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93) í XIV. viðauka við samninginn:

„11c. **395 R 0870:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95 frá 20. apríl 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 (Stjtið. EB nr. L 89, 21. 4. 1995, bls. 7).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. lesist „hafnir innan bandalagsins“ sem „hafnir innan svæðisins sem EES-samningurinn tekur til“.
- b) Í 1. mgr. 7. gr. lesist klausan „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórninni í samræmi

við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4260/88 og að framkvæmdastjórnin hreyfi ekki andmælum“ sem „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4260/88, og samsvarandi ákvæði í bókun 21 við EES-samninginn, og að þar til bær eftirlitsstofnun hreyfi ekki andmælum“.

- c) Í 2. mgr. 7. gr. lesist hugtakið „framkvæmdastjórnin“ sem „framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA“.

- d) Í stað annars málslíðar 5. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„Henni ber að andmæla undanþágu fáa hún beiðni um það frá ríki sem heyrir undir lögsögu hennar innan þriggja mánaða frá því að tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. var komið áleiðis til þessara ríkja“.

- e) Í stað annars málslíðar 6. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„Hafi andmælum hins vegar verið hreyft að beiðni ríkis sem heyrir undir lögsögu hennar og haldi það ríki fast við beiðni sína er einungis unnt að falla frá þeim að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu í flutningum á sjó“.

- f) Eftirfarandi bætist við í lok 9. mgr. 7. gr.:

„, eða samsvarandi ákvæði í bókun 21 við EES-samninginn.“

- g) Í upphafsmálgrein 12. gr. lesist klausan „á grundvelli 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögmætra hagsmuna að gæta“.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 89, 21. 4. 1995, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 1. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 870/95**frá 20. apríl 1995****um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 frá 25. febrúar 1992 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (¹), eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð (²),

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu í sjóflutningum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilteknir flokkar samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) geta með samstarfi sem þeir skapa milli skipafélaga, sem eiga aðild að þeim, takmarkað samkeppni á hinum sameiginlega markaði og haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og geta því fallið undir bannið samkvæmt 1. mgr. 85. gr. sáttmálans.
- 2) Athuganir framkvæmdastjórnarinnar á samningum um skipafélagasamtök (consortium) benda engu að síður til þess að öðru jöfnu megi líta svo á að mikill fjöldi þessara samninga fullnægi kröfum 3. mgr. 85. gr. Skilgreina ber hvaða tegund samninga þetta á við um.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur tekið fullt tillit til sérstakra aðstæðna sem ríkja innan sjóflutninga. Þær munu einnig hafa efnislega þýðingu við mat framkvæmdastjórnarinnar á skipafélagasamtökum sem falla ekki undir flokkaundanþáguna samkvæmt þessari reglugerð.
- 4) Skipafélagasamtök, eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð, stuðla almennt að aukinni framleiðni og bættri þjónustu áætlunarskipafélaga með þeirri hagræðingu sem þau skapa í starfsemi aðildarfélaganna og þeirri hagkvæmni

stórreksturs sem þau leiða til í rekstri skipa og nýtingar hafnaraðstöðu. Þau stuðla og að framförum í tækni og efnahagsmálum með því að auðvelda og hvetja til betri gámanýtingar og nýtingar flutningsgetu skipa.

- 5) Þeir sem nýta sér þjónustu skipafélaga sem hafa myndað með sér samtök njóta oftast með sanngjörnum hætti þess ávinnings sem hlýst af aukinni framleiðni og bættri þjónustu sem þau hafa í för með sér. Ávinningurinn getur komið fram í fjölgun skipaferða og viðkomu í höfnum eða sem bætt tímaáætlun og betri og persónulegri þjónusta með notkun fullkomnari skipa og annars búnaðar, þar á meðal hafnaraðstöðu. Notendur geta því aðeins haft raunverulegan hagnað af skipafélagasamtökum að næg samkeppni sé fyrir hendi í þeim flutningum sem slík samtök stunda.
- 6) Því ætti flokkaundanþága að gilda um þessa samninga, að því tilskildu að þeir gefi ekki viðkomandi fyrirtækjum færi á að útrýma að mestu samkeppni í þeim flutningum sem um ræðir. Tilgangur þessarar reglugerðar er að skýra þau skilyrði sem skipafélagasamtök verða að uppfylla til að hagnast af þeirri flokkaundanþágu sem hún veitir svo unnt sé að taka tillit til stöðugra breytinga á sjóflutningamarkaðinum og örra breytinga sem aðilar gera á ákvæðum samninga um skipafélagasamtök eða á þeirri starfsemi sem samningarnir kveða á um.
- 7) Eitt af helstu einkennum skipafélagasamtaka er, að því er varðar að stofna til og reka þjónustu í sameiningu, sveigjanleg flutningsgeta. Um slíkt er þó ekki að ræða ef flutningsgeta skipa sem eru notuð á vegum skipafélagasamtaka takmörkuð um tiltekna prósentu.
- 8) Flokkaundanþágan sem þessi reglugerð veitir tekur bæði til skipafélagasamtaka sem starfa innan samsiglingakerfis og skipafélagasamtaka sem starfa utan slíks kerfis, að því undanskildu að hún fjallar ekki um samráð um farmgjöld.
- 9) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 (³), eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, er fjallað um gjaldskrárákvarðanir. Aðilar að skipafélagasamtökum sem vilja hafa samráð um gjaldskrár og uppfylla ekki skilyrði reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 verða að sækja um einstakar undanþágur.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 89, 21. 4. 1995, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 12/96 frá 1. mars 1996 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. L 55, 29. 2. 1992, bls. 3.

(²) Stjtið. EB nr. C 63, 1. 3. 1994, bls. 8.

(³) Stjtið. EB nr. L 378, 31. 12. 1986, bls. 4.

- 10) Fyrsta skilyrðið fyrir flokkaundanþágunni ætti að vera að réttmætt sé að þeir sem færa sér flutningana í nyt njóti þess ávinnings sem fæst með aukinni skilvirkni og annars ávinnings sem felst í skipafélagasamtökum.
- 11) Líta skal svo á að þessari kröfu 3. mgr. 85. gr. sé fullnægt þegar skipafélagasamtök starfa við einhverjar þær aðstæður sem er lýst hér að aftan:
- virk verðsamkeppni er milli aðila að samsiglingakerfinu, sem samtökin starfa innan, er rekja má til sjálfstæðra gjaldskrárákvarðana,
 - nægileg virk samkeppni er, að því er varðar flutningaþjónustu innan samsiglingakerfisins sem samtökin starfa innan, milli aðila að samtökunum og annarra aðila að samsiglingakerfinu sem eru ekki aðilar að samtökunum þar eð samningurinn um samsiglingakerfið heimilar skipafélagasamtökum ótvírætt að bjóða fram sína eigin þjónustuskilmála, t.d. að skipafélagasamtök bjóði fram eitt og sér „rétt í tæka tíð“ afhendingarþjónustu eða þróaða tölvuvædda upplýsingamiðlun (Electronic Data Interchange - EDI), sem gerir notendum ávallt kleift að vita hvar vörur þeirra eru hverju sinni, eða að fjölga ferðum að miklum mun eða eiga oftari viðkomu í tengslum við þá þjónustu sem skipafélagasamtök veita samanborið við þá sem samsiglingakerfið veitir,
 - aðilar að samtökunum mæta virkri, raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni frá flutningafyrirtækjum sem eru ekki aðilar að samtökunum, hvort sem samsiglingakerfi er starfrækt í viðkomandi flutningum eða ekki.
- 12) Til þess að unnt verði að uppfylla þessa sömu kröfu í 3. mgr. 85. gr. þarf að setja ákvæði sem getur stuðlað að samkeppni um betri þjónustu milli aðila að samtökunum sem og milli þeirra og annarra skipafélaga sem stunda samskonar flutninga.
- 13) Setja ætti þau skilyrði að skipafélagasamtök og aðilar að þeim noti ekki mismunandi gjaldskrár og flutningsskilmála á sömu flutningaleið einvörðungu á grundvelli upprunlands farms eða þess lands sem er ákvörðunarstaður hans og orsaki þannig stefnubreytingu í viðskiptum innan bandalagsins sem skaðað getur tilteknar hafnir, farmsendendur, flytjendur eða þá sem veita þjónustu í tengslum við flutninga, nema unnt sé að réttlæta þess konar gjaldskrár og flutningsskilmála á efnahagslegum forsendum.
- 14) Skilyrðin ættu og að miða að því að koma í veg fyrir að skipafélagasamtök geti komið á samkeppnishömlum sem eru óþarfar til að ná þeim markmiðum sem eru forsenda þess að undanþágan sé veitt. Í þessu skyni ættu að vera ákvæði í samningum um skipafélagasamtök sem gera öllum skipafélögum sem eru aðilar að slíkum samningum kleift að draga sig út úr samtökunum með sanngjörnum fyrirvara. Samt sem áður ber, í tilvikum þegar um mjög samþætt skipafélagasamtök er að ræða eða samtök með stórar fjárfestingar, að kveða á um lengri fyrirvara til að taka megi tillit til stærri fjárfestinga sem gerðar hafa verið til að koma þeim á fót og umfangsmeiri endurskipulagningar samfara því að samningsaðili yfirgefur samtökin. Einnig ber að tilskilja að þar sem skipafélagasamtök starfa með sameiginlegu markaðsfyrirkomulagi hafi hver samningsaðili rétt til að taka þátt í óháðu markaðsstarfi, að því tilskildu að hann tilkynni það með sanngjörnum fyrirvara.
- 15) Undanþága skal einungis veitt skipafélagasamtökum sem eiga þess ekki kost að útrýma samkeppni að verulegum hluta á því þjónustusviði sem um er að ræða.
- 16) Að því er flokkaundanþágu varðar og af ástæðum sem varða réttaröryggi ber að taka mið af hluta viðkomandi skipafélagasamtaka í beinum viðskiptum milli þeirra viðkomuhafna sem þau þjóna og reikna hann út á grundvelli allra hafnanna.
- 17) Til að unnt sé að ákvarða, að því er einstaka undanþágu varðar, hvort um virka samkeppni sé að ræða ber bæði að taka tillit til beinna viðskipta milli viðkomuhafna skipafélagasamtaka og samkeppni frá öðrum áætlunarskipafélögum sem sigla frá höfnum sem gætu komið í stað þeirra sem skipafélagasamtök þjóna og einnig, þar sem við á, til annars konar flutningsmáta.
- 18) Sú flokkaundanþága sem er veitt samkvæmt þessari reglugerð gildir af þessum ástæðum einungis með því skilyrði að hlutur skipafélagasamtaka í viðskiptum fari ekki yfir gefið mark.
- 19) Viðskiptahlutur skipafélagasamtaka innan samsiglingakerfis ætti að vera minni með tilliti til þess að þeir samningar sem um ræðir eru viðbót við samkeppnishamlandi samning sem í gildi er í sömu flutningum.
- 20) Samt sem áður er við hæfi að bjóða skipafélagasamtökum sem fara yfir þau mörk sem eru sett fram í þessari reglugerð um tiltekinn hundradshluta, en sem taka áfram þátt í virkri samkeppni í þeim flutningum sem þau stunda, einfaldaða málsmeðferð til þess að þau geti haft ávinning af því réttaröryggi sem flokkaundanþágur veita. Slík málsmeðferð verður einnig að gera framkvæmdastjórninni kleift að halda uppi virku eftirliti og einfalda umsjón stjórnarsýslu með samningum.
- 21) Skipafélagasamtök sem fara yfir mörkin sem fyrr var getið geta samt sem áður haft ávinning af undanþágu í einstaka tilvikum, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrði 3. mgr. 85. gr., að teknu tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkja innan sjóflutninga.

- 22) Þessi reglugerð gildir aðeins um samninga sem gerðir eru milli aðila að skipafélagasamtökum. Flokkaundanþágan gildir því ekki um samkeppnishamlandi samninga sem eru gerðir annars vegar milli skipafélagasamtaka eða eins eða fleiri aðila að þeim og hins vegar milli annarra skipafélaga. Hún gildir heldur ekki um samkeppnishamlandi samninga milli ólíkra skipafélagasamtaka sem stunda samskonar flutninga eða milli aðila að slíkum samtökum.
- 23) Vissar skuldbindingar fylgja flokkaundanþágum. Flutningsþegar skulu í þessu tilliti ávallt vera í aðstöðu til að kynna sér þau skilyrði sem gilda um flutningaþjónustu á sjó sem aðilar að skipafélagasamtökum reka sameiginlega. Kveða ber á um raunverulegt og skilvirkt samráð milli skipafélagasamtaka og flutningsþega um þá starfsemi sem samningarnir fjalla um. Í þessari reglugerð er og tilgreint við hvað er átt með raunverulegu og skilvirku samráði og hvernig framvinda slíks samráðs skuli vera í megin atriðum. Kveðið er á um fyrrnefnt lögboðið samráð, sem takmarkast við eiginlega starfsemi samtakanna, með tilliti til þess hve sá markaður sem um ræðir er opin um þessar mundir. Verði þessari reglugerð breytt þarf að endurskoða hvort viðhalda beri þessari kröfu í ljósi þess hvernig markaðurinn þróast.
- 24) Fyrrnefnt samráð er líklegt til að festa í sessi skilvirkari flutningaþjónustu á sjó sem tekur mið af kröfum notenda. Því ber að undanþiggja vissar samkeppnishömlur sem kynnu að fylgja í kjölfar slíks samráðs.
- 25) Í þessari reglugerð hefur hugtakið óviðráðanlegar aðstæður (force majeure) sömu merkingu og fram kemur í viðtekinni réttarframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna.
- 26) Kveða ber á um að tilkynna beri framkvæmdastjórninni án tafar um úrskurði gerðardóms og tillögur sáttasemjara sem málsaðilar samþykkja til þess að hún geti gengið úr skugga um að skipafélagasamtök séu ekki með því undanþegin skilyrðum og skuldbindingum sem kveðið er á um í reglugerðinni og brjóti þannig ekki í bága við ákvæði 85. og 86. gr.
- 27) Í þessari reglugerð ber að kveða á um, í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92, að hún gildi með afturvirkum hætti um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem voru í gildi við gildistöku hennar, að því tilskildu að þau samræmist skilyrðum og skuldbindingum sem þessi reglugerð fjallar um.
- 28) Nauðsyn ber til að kveða á um að bannið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildi ekki, meðan tilgreint tímabil varir, um samninga um skipafélagasamtök sem í gildi eru við gildistöku þess og samræmast ekki skilyrðum 3. mgr. 85. gr., eins og tilgreint er í þessari reglugerð, hafi þeim verið breytt næstu sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar í þeim tilgangi að uppfylla skilyrði hennar og hafi breytingarnar verið tilkynntar framkvæmdastjórninni.

- 29) Kveða ber á um sanngjarna og jákvæða meðferð skipafélagasamtaka sem eru til við gildistöku þessarar reglugerðar og uppfylla skilyrði hennar að öðru leyti en því að fara fram úr mörkum um markaðshlut sem samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eru skilyrði fyrir undanþágu.
- 30) Nauðsynlegt er að tilgreina, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92, þau tilvik þar sem framkvæmdastjórninni er heimilt að svipta fyrirtæki ávinningi flokkaundanþágu.
- 31) Óþarft er að senda umsókn samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 vegna samninga sem eru sjálfkrafa undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð. Þegar fyrirtæki eru í raunverulegum vafa er þeim heimilt að óska þess að framkvæmdastjórnin lýsi yfir hvort samningar þeirra samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 32) Ákvæði þessarar reglugerðar eru með fyrirvara um beitingu 86. gr. sáttmálans.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „*skipafélagasamtök (consortium)*“: samningur milli tveggja eða fleiri flutningsaðila í skiparekstri, sem veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarferðum, einvörðungu í vöruflutningum og aðallega með gámum, sem tengist tiltekinni grein, sem miðar að því að koma á samstarfi um sameiginlegan rekstur í sjóflutningum til að bæta þá þjónustu sem hver og einn samningsaðili myndi annars veita ef um samtök væri ekki að ræða og að því að hagræða starfsemi þeirra með ráðstöfunum á sviði tækni, reksturs og/eða viðskipta, að verðákvörðunum undanskildum;
- „*áætlunarflutningar á tilteknum siglingaleiðum*“: reglubundnir vöruflutningar á tiltekinni leið eða leiðum milli hafna í samræmi við tímaáætlanir og fyrirframinglýsta siglingadaga og sem öllum flutningsþegum stendur til boða gegn greiðslu, jafnvel þó að um stopula flutninga sé að ræða;
- „*þjónustufyrirkomulag*“: er samningsbundið fyrirkomulag staðfest milli eins eða fleiri flutningsþega og einstaks aðila að skipafélagasamtökum eða samtakanna sjálfra sem gerir ráð fyrir því að notandi, gegn því að skuldbinda sig til að láta þann síðarnefnda annast fyrir sig vöruflutninga í

tilteknu magni í tiltekinn tíma, hljóti staðfestingu þess efnis að aðilinn að skipafélagasamtökunum eða samtökin veiti í einstaka tilviki sérstaka þjónustu ákveðins eðlis og sérstaklega sniðna að þörfum hans;

- „*flutningsþegi*“: fyrirtæki (t.d. farmsendandi, viðtakandi, miðlari o.s.frv.), sem gert hefur eða látið í ljós vilja til að gera bindandi samkomulag við skipafélagasamtök (eða einn aðila að þeim) um vöruflutninga, eða samband farmsendenda;
- „*sjálfstæð gjaldskrárákvörðun*“: réttur aðila að samsiglingakerfi til að bjóða, í stökum tilvikum og þegar um vörur er að ræða, farmgjöld sem víkja frá gjöldum sem mælt er fyrir um innan samsiglingakerfisins, að því tilskildu að öðrum aðilum innan þess sé tilkynnt þar um.

2. gr. Gildissvið

Þessi reglugerð gildir einvörðungu um skipafélagasamtök að því marki sem þau veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarferðum á tiltekinni leið til eða frá einni eða fleiri höfum innan bandalagsins.

II. KAFLI

UNDANÞÁÐUR

3. gr. Undanþegnir samningar

1. Því er hér með lýst yfir, samkvæmt 3. mgr. 85. gr. sáttmálans og með fyrirvara um skilyrði og skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildir ekki um starfsemi sem er talin upp í 2. mgr. þessarar greinar ef hún fer fram samkvæmt samningum um skipafélagasamtök eins og skilgreint er í 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar.

2. Yfirlýsingin um að 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildi ekki á einungis við um eftirfarandi starfsemi:

- a) starfsemi í tengslum við sameiginlegan rekstur áætlunarflutningar á tilteknum siglingaleiðum sem felst einvörðungu í eftirfarandi:
 - i) samræmingu og/eða sameiginlegri ákvörðun um ferðaáætlanir og viðkomuhafnir,
 - ii) skiptum, sölu eða víxl-leigu á rými eða hólum um borð í skipum,
 - iii) samnýtingu skipa og/eða hafnarmannvirkja,
 - iv) rekstri einnar eða fleiri skrifstofa fyrir sameiginlegan rekstur,
 - v) útvegun gáma, undirvagna og annars búnaðar og/eða leigu, kaupleigu eða kaupum á slíkum tækjabúnaði,
 - vi) notkun tölvuvæddrar upplýsingamiðlunar og/eða sameiginlegs skráningarkerfis;

- b) tímabundna stýringu flutningsgetu;
- c) sameiginlegan rekstur eða notkun hafnarmiðstöðva og tengdrar þjónustu (t.d. lektuþjónustu eða lestunar- og losunarþjónustu);
- d) þátttöku í einu eða fleiri af eftirfarandi samlögum: samlagi um tonnafjölda, hagnað eða nettóhagnað;
- e) sameiginlega nýtingu atkvæðisréttar skipafélaga-samtaka innan samsiglingakerfisins þar sem aðilar að samtökunum starfa, að því marki sem sameiginlegu atkvæðin varða eiginlega starfsemi samtakanna;
- f) sameiginlegt fyrirkomulag markaðssetningar og/eða útgáfu sameiginlegs farmskírteinis;
- g) aðra starfsemi sem er stoðstarfsemi við þá sem um getur hér að framan í a- til f-lið og er nauðsynleg til að halda henni gangandi.

4. gr. Takmörkuð nýting flutningsgetu

Undanþágan sem kveðið er á um í 3. gr. gildir ekki um skipafélagasamtök ef slík samtök gera ráðstafanir til að takmarka nýtingu flutningsgetu, sem er fyrir hendi, með því að áætlunarskipafélög sem eru aðilar að skipafélagasamtökunum láti ónotaðan tiltekinn hundraðshluta af flutningsgetu skipa sem starfrækt eru innan vébanda samtakanna.

III. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR UNÐANÞÁÐU

5. gr. Grunnskilyrði fyrir veitingu undanþágu

Undanþágan sem kveðið er á um í 3. gr. gildir aðeins að því tilskildu að eitt eða fleiri skilyrðanna hér að aftan séu uppfyllt:

- virk verðsamkeppni sé milli aðila að samsiglingakerfinu, sem skipafélagasamtökin starfa innan, af þeirri ástæðu að samningurinn um samsiglingakerfið heimilar fyrrnefndum aðilum með skýrum hætti, annaðhvort samkvæmt lagaskyldu eða með öðrum hætti, að ákvarða sjálfstætt öll farmgjöld sem kveðið er á um í gjaldskrá samsiglingakerfisins, eða
- innan samsiglingakerfisins, sem skipafélagasamtökin starfa innan, sé nægilega virk samkeppni milli þeirra sem eiga aðild að kerfinu að því er varðar þá þjónustu sem í boði er, af þeirri ástæðu að í samningnum um samsiglingakerfið sé skýr heimild til handa samtökunum að bjóða fram sitt eigið þjónustufyrirkomulag, í hvaða mynd sem er, að því er varðar tíðni og eðli flutningaþjónustu sem veitt er og einnig að laga þá þjónustu sem það veitir hvenær sem er að sérstökum

óskum flutningsþega, eða

- aðilar að skipafélagasamtökunum eigi í virkri samkeppni, raunverulegri eða hugsanlegri, við áætlunarskipafélög sem eru ekki aðilar að samtökunum, hvort sem samsiglingakerfi er starfrækt í viðkomandi flutningum eða ekki.

6. gr.

Skilyrði með tilliti til hlutar eða flutninga

1. Ef undanþágan samkvæmt 3. mgr. á að ná til skipafélagasamtaka þarf hlutur þeirra í beinum flutningum til hafna sem þau þjóna að vera undir 30% reiknað út sem vörumagn sem flutt er (farmtonn eða tuttugu feta gámaeining (TEU)) ef þau starfa innan samsiglingakerfis og undir 35% ef þau starfa utan slíks kerfis.
2. Undanþágan sem kveðið er á um í 3. gr. gildir áfram ef sá hlutur í flutningum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar vex ekki umfram einn tíunda tvö almanaksár í röð.
3. Ef farið er yfir annað þeirra leyfilegu hámarka sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. gildir undanþágan sem kveðið er á um í 3. gr. í sex mánuði eftir lok þess almanaksárs þegar það gerðist. Lengja skal tímabilið í 12 mánuði ef ástæða þess að farið er yfir markið er sú að flutningsaðili sem ekki er aðili að samtökunum hefur dregið sig út úr flutningunum.

7. gr.

Andmælum hreyft

1. Undanþágan sem kveðið er á um í 3. og 10. gr. gildir einnig um skipafélagasamtök með hlut í flutningum sem fer yfir þau mörk sem mælt er fyrir um í 6. gr., en fer samt sem áður ekki yfir 50% af beinum flutningum, með þeim skilyrðum að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um þá samninga sem um ræðir í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4260/88 ⁽¹⁾ og að framkvæmdastjórnin andmæli ekki slíkri undanþágu innan sex mánaða.
2. Sex mánaða tímabilið hefst daginn sem framkvæmdastjórninni berst tilkynning. Berist tilkynning hins vegar í ábyrgðarpósti hefst tímabilið sama dag og sendingardaginn sem kemur fram á póststimplinum.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda aðeins ef:
 - a) vísað er með skýrum hætti til þessarar greinar í tilkynningunni eða orðsendingu með henni;
 og
 - b) upplýsingar sem fylgja tilkynningunni eru tæmandi og í samræmi við staðreyndir málsins.
4. Einnig er heimilt að krefjast þess að samningar sem tilkynnt er um fyrir gildistöku þessarar reglugerðar njóti þess ávinnings sem mælt er fyrir um í 1. mgr. með því að senda

framkvæmdastjórninni orðsendingu þar sem vísað er með skýrum hætti til þessarar greinar og tilkynningarinnar. Ákvæði 2. mgr. og b-liðar 3. gr. gilda að breyttu breytanda.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að andmæla undanþágunni. Hún skal andmæla undanþágunni berist henni beiðni um slíkt frá aðildarríki innan þriggja mánaða frá því að aðildarríkinu var send tilkynningin sem um getur í 1. mgr. eða orðsendingin sem um getur í 4. mgr. Beiðnin skal rökstudd á grundvelli samkeppnisreglna sáttmálans.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að draga andmæli sín gegn undanþágunni til baka hvenær sem er. Hafi andmælin komið fram að beiðni aðildarríkis og henni verið haldið til streitu skulu þau einungis dregin til baka að undangengnu samráði innan ráðgjafarnefndarinnar um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu í sjóflutningum.

7. Séu andmælin dregin til baka af þeirri ástæðu að viðkomandi fyrirtæki hafi sýnt fram á að skilyrðum 3. mgr. 85. gr. hafi verið fullnægt skal undanþágan gilda frá tilkynningardegi.

8. Séu andmælin dregin til baka af þeirri ástæðu að viðkomandi fyrirtæki hafi breytt samningnum í þá veru að skilyrðum 3. mgr. 85. gr. sé fullnægt gildir undanþágan frá þeim degi sem breytingarnar öðlast gildi.

9. Andmæli framkvæmdastjórnin undanþágu og dregur þau ekki til baka hefur tilkynningin þau áhrif sem kveðið er á um í II. þætti reglugerðar (EBE) nr. 4056/86.

8. gr.

Önnur skilyrði

Réttur til undanþágu sem kveðið er á um í 3. og 10. gr. er háður eftirfarandi skilyrðum:

1. Skipafélagasamtök skulu heimila öllum aðilum að bjóða fram eigið þjónustufyrirkomulag á grundvelli einstaks samnings.
2. Fyrirtækjum sem eiga aðild að samningi um skipafélagasamtök skal með slíkum samningi tryggður réttur til að draga sig út úr samtökunum án þess að til komi fjársektir eða önnur viðurlög, t.d., einkum og sér í lagi, skuldbinding þess efnis að hætta öllum flutningum á því sviði sem um ræðir, hvort sem það skilyrði fylgir eða ekki að heimilt sé að hefja slíka starfsemi á ný að tilteknum tíma liðnum. Fyrirnefndur réttur er háður lengst sex mánaða uppsagnarfresti, þó með þeim hætti að um uppsögn getur fyrst verið að ræða 18 mánuðum eftir að samningurinn gengur í gildi.

Þegar um er að ræða mjög samþætt skipafélagasamtök með samlag um nettóhagnað og/eða umfangsmiklar fjárfestingar, sem rekja má til kaupa eða leigu aðila að því

⁽¹⁾ Stjóttö. EB nr. L 376, 31. 12. 1988, bls. 1.

á skipum, sérstaklega vegna stofnunar samtakanna, skal uppsagnarfrestur vera lengst sex mánuðir sem heimilt er að nýta 30 mánuðum eftir að samningurinn gengur í gildi.

3. Starfi skipafélagasamtök að sameiginlegri markaðssetningu skal aðilum að þeim engu að síður frjálst að stunda sjálfstæða markaðssetningu án þess að viðurlögum sé beitt, að því tilskildu að þeir tilkynni um það með sex mánaða fyrirvara.
4. Hvorki skipafélagasamtök né aðilar að þeim skulu valda tilteknum höfnum, notendum eða flutningsaðilum innan hins sameiginlega markaðar tjóni með því að beita ólíkum gjöldum og flutningsskilmálum gagnvart mismunandi uppruna- eða móttökulöndum eða lestunar- eða losunarahöfnum, að því er varðar flutning á sams konar vörum og innan þess svæðis sem samningurinn nær til, nema unnt sé að færa efnahagsleg rök fyrir slíkum gjöldum eða skilmálum.

IV. KAFLI

SKULDBINDINGAR

9. gr.

Skuldbindingar sem fylgja undanþágu

Eftirfarandi skuldbindingar fylgja undanþágunni sem kveðið er á um í 3. gr.:

1. Fara skal fram raunverulegt og skilvirkt samráð milli notenda, eða samtaka sem koma fram fyrir þeirra hönd, annars vegar og skipafélagasamtaka hins vegar sem miðar að því að leysa öll helstu mál önnur en minni háttar rekstrarmálefni sem varða skilyrði og eðli áætlunarflutninga á sjó sem samtökin eða aðilar að þeim bjóða.

Samráð skal fara fram ef annar fyrrnefndra aðila fer fram á það.

Samráð skal fara fram, nema þegar um óviðráðanlegar aðstæður er að ræða, áður en gripið er til ráðstafana sem eru tilefni þess. Ef aðilar að skipafélagasamtökunum eru tilneyddir, vegna óviðráðanlegra aðstæðna, að hrinda ákvörðun í framkvæmd áður en samráð hefur farið fram skal samráð sem óskað hefur verið eftir fara fram innan 10 virkra daga frá því að beiðni var sett fram. Ekki ber að tilkynna um aðgerðir opinberlega áður en samráð fer fram, nema þegar um fyrrnefndar óviðráðanlegar aðstæður er að ræða sem vísa ber til í tilkynningu um ráðstafanir.

Samráðið skal fara þannig fram stig af stigi:

- a) skipafélagasamtökin skulu tilkynna hinum aðilanum skriflega um efni samráðsins áður en það fer fram;

- b) aðilar skiptast á skoðunum annaðhvort með skriflegum hætti eða á fundum, eða hvort tveggja, þar sem fulltrúar skipafélagasamtakanna og farmsendendanna sem taka þátt í samráðinu hafa umboð til að komast að sameiginlegri niðurstöðu og skulu aðilar leggja sig fram um að ná því marki;
- c) komist aðilar ekki að sameiginlegri niðurstöðu þrátt fyrir viðleitni beggja skal viðurkennt að um ósamkomulag sé að ræða og það tilkynnt opinberlega. Hvor aðli um sig getur vakið athygli framkvæmdastjórnarinnar á því;
- d) aðilar geta, ef unnt er, komið sér saman um sanngjarnan frest til að ljúka samráðinu. Fresturinn skal ekki vera skemmri en einn mánuður, nema í undantekningartilvikum eða þegar aðilar koma sér saman um annað.

- 2) Skilmálar varðandi flutningaþjónustu á sjó sem skipafélagasamtök og aðilar að þeim veita, meðal annars skilmálar um eðli slíkrar þjónustu og allar viðkomandi breytingar, skulu aðgengilegir flutningsþegum gegn sanngjörnu gjaldi, ef þeir óska, og liggja frammi á skrifstofum aðila að samtökunum til skoðunar þeim að kostnaðarlausu, eða hjá samtökunum sjálfum, og umboðsmönnum þeirra.

- 3) Skipafélagasamtök skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um úrskurði gerðardóms og tillögur sáttasemjara sem aðilar hafa samþykkt og setja niður deilur um starfshætti skipafélagasamtaka sem falla undir þessa reglugerð.

- 4) Skipafélagasamtök sem vilja hafa ávinning af þessari reglugerð skulu, að fengnum fresti sem framkvæmdastjórnin ákveður í hverju tilviki um sig og ekki er skemmri en einn mánuður, geta sýnt fram á, ef framkvæmdastjórnin óskar þess, að skilyrði og skuldbindingar sem felast í 5. til 8. gr. og 1. og 2. tölul. þessarar greinar séu uppfyllt og senda henni þann samning um skipafélagasamtök sem um ræðir innan fyrrnefnds frests.

10. gr

Undanþága vegna samninga milli flutningsþega og skipafélagasamtaka um nýtingu áætlunarflutningaþjónustu á sjó

Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir milli annars vegar notenda, eða samtaka sem koma fram fyrir þeirra hönd, og hins vegar skipafélagasamtaka með undanþágu samkvæmt 3. gr., varðandi skilmála og eðli áætlunarflutninga á tilteknum skipaleiðum sem samtökin annast og öll almenn atriði sem tengjast slíkum flutningum, að því marki sem þau má rekja til samráðsins sem kveðið er á um í 1. tölul. 9. gr., eru hér með undanþegin banninu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans.

V. KAFLI**ÝMIS ÁKVÆÐI****11. gr.****Þagnarskylda**

1. Vitneskju, sem aflað er samkvæmt 7. gr. og 4. tölul. 9. gr., skal einungis nota í málum er falla undir þessa reglugerð.
2. Framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum, er óheimilt að láta öðrum í té vitneskju, sem þeir öðlast við það að beita ákvæðum þessarar reglugerðar og er þess eðlis að hún falli undir þagnarskyldu embættismanna.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða kannana sem fela ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

12. gr.**Afturköllun flokkaundanþágu**

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla þann ávinning sem hlýst af þessari reglugerð, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92, í ákveðnum tilvikum þegar samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð hafa samt sem áður tiltekin áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um 3. mgr. 85. gr. eða eru óheimil samkvæmt 86. gr. sáttmálans, einkum þegar:

1. í tilteknum flutningum, ekki er fyrir hendi virk samkeppni utan samsiglingakerfisins sem skipafélagasamtökin starfa innan eða utan tiltekinna skipafélagasamtaka;
2. hvað eftir annað bregst að skipafélagasamtök standi við þær skuldbindingar sem kveðið er á um í 9. gr.;

3. framferði skipafélagasamtaka hefur áhrif sem stangast á við 86. gr. sáttmálans;
4. slík áhrif eru afleiðing úrskurðar gerðardóms.

13. gr.**Lokaákvæði**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Reglugerðin gildir í fimm ár frá þeim degi er hún öðlast gildi.

Hún gildir með afturvirkum hætti um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem voru í gildi við gildistöku hennar, frá þeim tíma sem skilyrðum fyrir undanþágu var fullnægt.

Þegar um ræðir samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem voru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar og uppfylltu þann dag ekki skilyrði og skuldbindingar samkvæmt ákvæðum hennar skal bannið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans ekki gilda um tímabilið áður en þeim var breytt í því skyni að uppfylla þessi skilyrði, að því tilskildu að slíkar breytingar hafi verið gerðar innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar og tilkynntar framkvæmdastjórninni innan sama frests.

Samt sem áður er heimilt, í sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að hreyfa andmælum, eins og kveðið er á um í 7. gr., gegn skipafélagasamtökum sem halda sig ekki innan þeirra marka sem hlutur þeirra í flutningum segir til um, en uppfylla samt sem áður önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/22/04

nr. 13/96
frá 1. mars 1996

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/95 frá 15. desember 1995⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 94/66/EB frá 15. desember 1994 um breytingu á tilskipun 88/609/EBE um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmsloftið⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 19. lið (tilskipun ráðsins 88/609/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

- **394 L 0066:** Tilskipun ráðsins 94/66/EB frá 15. desember 1994 (Stjtið. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 83).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/66/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 1. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 57, 7. 3. 1996, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 11, 7.3.1996, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 83.

TILSKIPUN RÁÐSINS 94/66/EB

frá 15. desember 1994

um breytingu á tilskipun 88/609/EBE um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmsloftið(*)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við þá málsmæðferð sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í framkvæmdaáætlunum Evrópubandalaganna um aðgerðir í umhverfismálum frá 1973 ⁽⁴⁾, 1977 ⁽⁵⁾, 1983 ⁽⁶⁾, 1987 ⁽⁷⁾ og 1993 ⁽⁸⁾ er lögð áhersla á mikilvægi þess að draga úr og koma í veg fyrir mengun andrúmsloftsins.

Í tilskipun 88/609/EBE ⁽⁹⁾ voru sett viðmiðunarmörk fyrir SO₂ vegna nýrra vera sem nota fast eldsneyti með nafnaköst varmaorku milli 50 og 100 MW. Í III. viðauka við þá tilskipun er þó tilgreint að ráðið skuli, á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni, ákveða viðmiðunarmörk fyrir ver í þessum flokki.

Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um framboð á brennisteinsrýru eldsneyti hefur fundist lausn á þeim vanda sem olli því að töf varð á ákvörðun þessara viðmiðunarmarkna en því er einkum að þakka framboði á nægilegu magni af brennisteinsrýrum kolum á heimsmarkaði.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 83, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/96 frá 1. mars 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 17, 22. 1. 1993, bls. 12.

(2) Stjtið. EB nr. C 201, 26. 7. 1993, bls. 4.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 14. september 1993 (Stjtið. EB nr. C 268, 4. 10. 1993, bls. 34). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. júní 1994 (Stjtið. EB nr. C 213, 3. 8. 1994, bls. 11) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. nóvember 1994 (Stjtið. EB nr. C 341, 5. 12. 1994).

(4) Stjtið. EB nr. C 112, 20. 12. 1973, bls. 1.

(5) Stjtið. EB nr. C 139, 13. 6. 1977, bls. 1.

(6) Stjtið. EB nr. C 46, 17. 2. 1983, bls. 1.

(7) Stjtið. EB nr. C 328, 7. 2. 1987, bls. 1.

(8) Stjtið. EB nr. C 138, 17. 5. 1993, bls. 1.

(9) Stjtið. EB nr. L 366, 7. 12. 1988, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 90/656/EBE (Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 59).

Með því að brenna slíkum kolum er hægt er að minnka útblásturinn í 2 000 mg/Nm³ ⁽¹⁰⁾.

Í ljósi þess skaða sem umhverfið verður fyrir vegna loftmengunar er nauðsynlegt að ákveða að viðmiðunarmörkin fyrir útblástur frá verum með nafnaköst varmaorku milli 50 og 100 MW verði á þessu bili.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 88/609/EBE:

- í stað III. viðauka komi viðauki við þessa tilskipun;
- eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 4. gr.: „Aðildarríkin mega kveða svo á um að ný ver með 50 MW nafnaköst varmaorku eða meira, en ekki yfir 100 MW, sem hafa fengið starfsleyfi fyrir frestinn til að fella tilskipun 94/66/EC(*) inn í innanlandslöggjöf skuli skylt að hlíta þeim gildum sem sett eru í III. viðauka í síðasta lagi einu ári eftir að fresturinn rennur út.

(*) Stjtið. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 83.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en sex mánuðum eftir að hún öðlast gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(10) mg/Nm³ merkir milligrömm á rúmmetra við staðalaðstæður eða massi miðað við rúmmál lofttegundar gefið upp í fjölda rúmmetra við staðalhita (273 Kelvin) og staðalþrýsting (101,3 kílopasköl) eftir að gufuhinnihald hefur verið dregið frá.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í
Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MERKEL


forseti.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR ÚTBLÁSTUR SO_2 FRÁ NÝJUM VERUM

Fast eldsneyti



ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/22/05

nr. 14/96
frá 4. mars 1996

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/95 frá 24. febrúar 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/42/EB frá 19. júlí 1995 um breytingu á tilskipun 93/102/EB um breytingu á tilskipun 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 79/112/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0042:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/42/EB frá 19. júlí 1995 (Stjtfð. EB nr. L 182, 2. 8. 1995, bls. 20).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/42/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

⁽¹⁾ Stjtfð. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtfð. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtfð. EB nr. L 182, 2. 8. 1995, bls. 20.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/42/EB**frá 19. júlí 1995****um breytingu á tilskipun 93/102/EB um breytingu á tilskipun 79/112/EBE
um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og
auglýsingu matvæla til sölu til neytenda(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/102/EB ⁽²⁾, einkum fyrsta og öðrum undirlið b-liðar 5. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 3. gr. tilskipunar 93/102/EB er kveðið á um að aðildarríkin skuli, ef þörf krefur, breyta lögum sínum og stjórnsýslufyrirmælum í því augnamiði að banna viðskipti með vörur sem eru ekki í samræmi við tilskipunina, frá 30. júní 1996.

Viðskipti með vörur, sem eru merktar fyrir framangreindan dag, eru óheimil eftir þann dag ef skrá yfir innihaldsefni hefur að geyma heiti innihaldsefnaflokka sem eru ekki tilgreindir í tilskipun 93/102/EB.

Það mun vera bundið tæknilegum erfiðleikum að merkja matvælin á ný og því er nauðsynlegt að bæta við ákvæði er gerir kleift að

losna við birgðir sem eru merktar fyrir settan frest til að hrinda ákvæðum tilskipunarinnar í framkvæmd.

Ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi málslíður bætist við annan undirlið annarrar málsgreinar 3. gr. tilskipunar 93/102/EB:

„Viðskipti með vörur sem eru markaðssettar eða merktar fyrir þann dag og samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar eru engu að síður heimil meðan birgðir endast“.

2. gr.Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.**3. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 182, 2. 8. 1995, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/96 frá 4. mars 1996 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 291, 25. 11. 1993, bls. 14.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/22/06

nr. 15/96
frá 4. mars 1996

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/95 frá 22. júní 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/35/EB frá 14. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/36/EB frá 14. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0035:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/35/EB frá 14. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 6).

- **395 L 0036:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/36/EB frá 14. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 8).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/35/EB og 95/36/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 8.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/35/EB**frá 14. júlí 1995****um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/79/EB⁽²⁾, einkum 2. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eru settar fram kröfur um skjöl sem umsækjendur eiga að leggja fram, annars vegar við skráningu virks efnis í I. viðauka og hins vegar til að fá leyfi fyrir plöntuvarnarefni.

Í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE verður að skýra fyrir umsækjendum eins nákvæmlega og unnt er hvaða upplýsinga er krafist, svo sem við hvaða aðstæður, skilyrði og með hvaða tæknilegu aðferðarlýsingum tiltekinna gagna skuli aflað. Þessum skýringum skal komið á framfæri um leið og þær liggja fyrir til að umsækjendur geti notað þær við skjalavinnslu sína.

Í inngangi að II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE stendur nú að beita skuli meginreglum um góðar starfsvenjur við rannsóknir ef gerð eru próf til að afla gagna um eiginleika og öryggi efna og efnablandna. Með fyrirvara um ákvæði þriðju undirgreinar 1. mgr. 9. gr. skal að jafnaði fylgja góðum starfsvenjum við rannsóknir á efnaleifum, einkum þegar þessar rannsóknir eru nauðsynlegar í tengslum við þau skjöl sem leggja verður fram vegna skráningar virkra efna í I. viðauka við framangreinda tilskipun.

Það hefur hins vegar komið í ljós að ákveðin aðildarríki ráða enn ekki yfir þeim grunnvirkjum sem þarf til að unnt sé að uppfylla kröfur um góðar starfsvenjur við rannsóknir á efnaleifum í prófunum, sem gerðar eru undir eftirliti, á plöntum, matvælum eða fóðri. Aðildarríki sem gera nú þegar kröfur um að góðar

starfsvenjur séu í heiðri hafðar við rannsóknir ættu þó að fá að halda því áfram í prófunum sem fram fara á yfirráðasvæði þeirra. Þessa meginreglu ber einnig að skýra nákvæmlega vegna þeirra undanþágna sem nú þegar er kveðið á um í tilskipuninni.

Kveða þarf á um tímabundna undanþágu frá þeirri kvöð að setja fram kröfur um góðar starfsvenjur við rannsóknir á virkum efnum sem höfðu þegar verið markaðssett tveimur árum eftir að tilkynnt var um tilskipun 91/414/EBE, að því tilskildu að gerðar séu ýmsar varúðarráðstafanir. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að fastsetja þess háttar undanþágur fyrir virk efni sem höfðu ekki verið markaðssett tveimur árum eftir að tilkynnt var um framangreinda tilskipun.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Ákvæðum II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. júlí 1995.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt B.JERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/96 frá 4. mars 1996 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. L 230, 19. 8. 1991, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 16.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 2.2 í innganginum komi eftirfarandi:

„2.2. Þrátt fyrir lið 2.1 er aðildarríkjnum heimilt að kveða á um að opinberar eða opinberlega viðurkenndar prófunarstofur eða stofnanir, sem uppfylla að minnsta kosti kröfurnar í liðum 2.2 og 2.3 í innganginum að III. viðauka, skuli annast próf og greiningar sem gerðar eru á yfirráðasvæði þeirra til að afla gagna um eiginleika og/eða öryggi efnanna með tilliti til býflugna og nytjaliðdýra annarra en býflugna.

Þessi undanþága gildir um prófanir sem hófust sannanlega þann 31. desember 1999 eða fyrir þann tíma.“

b) Í innganginum bætist við liður 2.3 svohljóðandi:

„2.3. Þrátt fyrir ákvæði liðar 2.1 er aðildarríkjnum heimilt að kveða á um að opinberar eða opinberlega viðurkenndar prófunarstofur eða stofnanir, sem uppfylla að minnsta kosti kröfurnar í liðum 2.2 og 2.3 í innganginum að III. viðauka, skuli framkvæma efnaleifaprófanir undir eftirliti, sem fara fram á yfirráðasvæði þeirra í samræmi við ákvæði 6. þáttar, „Leifar í eða á meðhöndluðum framleiðsluvörum, matvælum og fóðri“, vegna plöntuvarnarefna sem innihalda virk efni og höfðu þegar verið markaðssett tveimur árum eftir að tilkynnt var um tilskipunina.

Þessi undanþága gildir um efnaleifaprófanir undir eftirliti sem hófust sannanlega þann 31. desember 1997 eða fyrir þann tíma.“

2. Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 2.4 í innganginum komi eftirfarandi:

„2.4. Þrátt fyrir lið 2.1 er aðildarríkjnum einnig heimilt að beita ákvæðum liða 2.2 og 2.3 á prófanir undir eftirliti sem gerðar eru á yfirráðasvæðum þeirra til að afla gagna um eiginleika og/eða öryggi efnablandanna með tilliti til býflugna og nytjaliðdýra annarra en býflugna og hófust sannanlega þann 31. desember 1999 eða fyrir þann tíma.“

b) Í innganginum bætist við liður 2.5 svohljóðandi:

„2.5. Þrátt fyrir ákvæði liðar 2.1 er aðildarríkjnum einnig heimilt að beita ákvæðum liða 2.2 og 2.3 á efnaleifaprófanir undir eftirliti sem gerðar eru á yfirráðasvæði þeirra í samræmi við ákvæði 8. þáttar, „Efnaleifar í eða á meðhöndluðum framleiðsluvörum, matvælum og fóðri“, vegna plöntuvarnarefna sem innihalda virk efni sem höfðu þegar verið markaðssett tveimur árum eftir að tilkynnt var um tilskipunina enda hafi prófanirnar sannanlega hafist þann 31. desember 1997 eða fyrir þann tíma.“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/36/EB**frá 14. júlí 1995****um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/35/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eru settar fram kröfur um skjöl sem umsækjendur eiga að leggja fram annars vegar við skráningu virks efnis í I. viðauka og hins vegar til að fá leyfi fyrir plöntuvarnarefni.

Í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE verður að skýra fyrir umsækjendum eins nákvæmlega og unnt er hvaða upplýsinga er krafist, svo sem við hvaða aðstæður, skilyrði og með hvaða tæknilegu aðferðarlýsingum tiltekinna gagna skuli aflað. Þessum ákvæðum skal komið á framfæri um leið og þau liggja fyrir til að umsækjendur geti notað þau við skjalavinnslu sína.

Nú er unnt að gera nákvæmari kröfur um gögn sem snerta afdrif og hegðun þeirra virku efna í umhverfinu sem kveðið er á um í 7. þætti A-hluta II. viðauka.

Nú er einnig unnt að gera nákvæmari kröfur um gögn sem snerta afdrif og hegðun þeirra plöntuvarnarefna í umhverfinu sem kveðið er á um í 9. þætti A-hluta III. viðauka.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 91/414/EBE:

1. í stað 7. þáttar, „Afdrif og hegðun í umhverfinu“ í A-hluta II. viðauka, komi I. viðauki við þessa tilskipun;
2. í stað 9. þáttar, „Afdrif og hegðun í umhverfinu“ í A-hluta III. viðauka, komi II. viðauki við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. júlí 1995.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/96 frá 4. mars 1996 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. L 230, 19. 8. 1991, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 6.

VIÐAUKI I

„7. AFDRIÐ OG HEGÐUN Í UMHVERFINU

Inngangur

- i) Upplýsingar sem eru veittar, ásamt upplýsingum um eina eða fleiri efnablöndur sem innihalda virka efnið, skulu vera nógu greinargóðar til að hægt sé að láta fara fram mat á afdrifum og hegðun virka efnisins í umhverfinu, og á tegundum sem eru ekki marktegundir, en geta verið í hættu vegna áhrifa frá virka efninu, eða umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefnum þess, þegar þau skipta máli í eiturefnafræðilegu tilliti eða út frá umhverfissjónarmiðum.
- ii) Upplýsingar um virka efnið, ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum og upplýsingum varðandi eina eða fleiri efnablöndur sem innihalda virka efnið, skulu nægja til að:
 - ákveða hvort skrá eigi virka efnið í I. viðauka,
 - segja til um viðeigandi skilyrði eða takmarkanir í tengslum við skráningu í I. viðauka,
 - flokka virka efnið í hættuflokk,
 - ákveða hættutákn, hættuáþendingar og viðeigandi hættu- og varnaðarsetningar til verndar umhverfinu, sem eiga að vera á umbúðum (ílátum),
 - segja fyrir um dreifingu, afdrif og hegðun virka efnisins, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna, í umhverfinu og þeirri tímarás sem um ræðir,
 - segja til um hvaða tegundir, sem eru ekki marktegundir, og þýði eru í hættu vegna hugsanlegrar áreitunar, og
 - segja fyrir um ráðstafanir til að draga úr umhverfismengun og áhrifum á tegundir sem eru ekki marktegundir.
- iii) Gefa þarf nákvæma lýsingu (forskrift) á efninu sem er notað, samanber 11. lið 1. þáttar. Þegar próf er gert með virku efni verður efnið sem er notað að vera eftir þeirri forskrift sem verður notuð við framleiðslu á efnablöndum er heimila á, nema þegar notað er geislamerkt efni.

Ef rannsóknir eru gerðar með því að nota virkt efni sem er framleitt á rannsóknarstofu eða í tilraunaframleiðslukerfi verður að endurtaka rannsóknirnar með því að nota verksmiðju-framleitt virkt efni, nema hægt sé að færa rök fyrir því að prófunarefnið sem er notað sé í meginráttum hið sama og er notað við umhverfsrannsóknir og umhverfismat.
- iv) Þegar notað er geislamerkt prófunarefni ber að setja merkimiðana á tiltekna staði (einn eða fleiri eftir því sem þörf krefur) svo að auðveldara verði að gera sér grein fyrir umbrots- og niðurbrotsleiðum og að rannsaka dreifingu virka efnisins og umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna þess í umhverfinu.
- v) Það kann að reynast nauðsynlegt að gera sérstakar rannsóknir á umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefnum ef þessi efni geta stofnað lífverum, sem eru ekki markhópur, í hættu eða gæðum vatns, jarðvegs eða andrúmslofts og ef ekki er unnt að meta áhrif þeirra með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum sem varða virka efnið. Áður en slíkar rannsóknir fara fram verður að taka mið af upplýsingum úr 5. og 6. þætti.

- vi) Þegar svo ber undir ber að nota viðeigandi tölfræðilegar aðferðir við gerð prófa og greiningu gagna.

Tölfræðilegu greininguna ber að sundurliða nákvæmlega (til að mynda ber að gefa allt punktamat með öryggisbilum og tilgreina skal nákvæm p-gildi fremur en að gefa aðeins upp marktækt/ekki marktækt).

7.1. Afdrif og hegðun í jarðvegi

Tíunda skal allar upplýsingar, sem máli skipta, um gerð og eiginleika jarðvegs sem er notaður við rannsóknirnar, þar með talið pH-gildi, lífrænt kolefnisinnihald, katjónaskiptagetu, dreifingu kornastærðar og vatnsheldnigetu við $pF = 0$ og $pF = 2,5$, í samræmi við viðkomandi ISO-staðla eða aðra alþjóðlega staðla.

Ákveða verður örverulífþyngd jarðvegs sem er notaður í niðurbrotsrannsóknir á rannsóknarstofu í þann mund sem rannsókn hefst og við lok hennar.

Mælt er með því að sami jarðvegurinn sé notaður, eftir því sem kostur er, alla rannsóknina á enda.

Jarðvegsgerðir, sem á að nota við niðurbrots- eða hreyfanleikarannsóknir, skal velja þannig að þær endurspegli þær jarðvegsgerðir sem geta talist dæmigerðar á hinum mismunandi svæðum bandalagsins, þar sem efnið er notað eða fyrirhugað er að nota það, og séu þess eðlis að:

- í þeim sé að finna mismunandi lífrænt kolefnisinnihald, dreifingu kornastærðar og pH-gilda; og
- ef aðrar upplýsingar gefa til kynna að niðurbrot eða hreyfanleiki sé háð pH-gildi (t.d. leysni og hraða vatnsrofs - liðir 2.7 og 2.8), nái þær yfir eftirfarandi pH-bil:
 - 4,5 til 5,5,
 - 6 til 7, og
 - 8 (um það bil).

Jarðvegssýni verða ætíð að vera nýtekin sé þess nokkur kostur. Ef ekki er unnt að komast hjá því að nota geymd jarðvegssýni ber að gæta þess að þau séu geymd á réttan hátt í takmarkaðan tíma við vel skilgreindar og skjalfestar aðstæður. Jarðvegssýni sem hafa verið lengi í geymslu er einungis unnt að nota í aðsogs- og afsogsrannsóknir.

Gæta þarf þess að jarðvegur sem er notaður við upphaf rannsóknar sé ekki óeðlilega samsettur hvað varðar færibreytur eins og dreifingu kornastærðar, lífrænt kolefnisinnihald og pH-gildi.

Safna ber jarðvegi og meðhöndla hann í samræmi við ISO-staðal 10381-6 (*Gæði jarðvegs - Sýnataka - Leiðbeiningar um söfnun, meðhöndlun og geymslu jarðvegs til notkunar við mat á örveruferlum á rannsóknarstofum*). Öll frávík ber að skýra og rökstyðja.

Vettvangsrannsóknir skulu gerðar á mismunandi jarðvegsgerðum við veðurskilyrði sem eru dæmigerð fyrir notkunarsvæði (eitt eða fleiri) og við aðstæður sem líkjast hefðbundinni jarðrækt eins og kostur er. Skýra skal frá veðurskilyrðum þegar vettvangsrannsóknir eru gerðar.

7.1.1. Niðurbrotsleið og -hraði

7.1.1.1. Niðurbrotsleið

Markmið prófsins

Gögn og upplýsingar sem aflað er skulu, ásamt öðrum viðeigandi gögnum og upplýsingum, nægja til að:

- gera sér grein fyrir, ef hægt er, hlutfallslegu mikilvægi þeirra tegunda af ferlum sem koma við sögu (jafnvægi á milli efnafræðilegs og líffræðilegs niðurbrots),
 - greina einstaka efnisþætti sem eru til staðar og nema á einhverjum tímapunkti meira en 10% af viðbættu magni virka efnisins, að óðagreinanlegum efnaleifum meðtöldum, eftir því sem kostur er,
 - greina, eftir því sem hægt er, einnig einstaka efnisþætti sem eru til staðar og nema minna en 10% af viðbættu magni virka efnisins,
 - ákvarða hlutfallslegt magn efnisþáttanna sem eru til staðar (massajafnvægi), og
 - gera kleift að skilgreina viðkomandi jarðvegsleifar sem hafa eða geta haft áhrif á tegundir sem eru ekki marktegundir.

Þegar fjallað er um óaðgreinanlegar efnaleifar er átt við kemísk efni sem eiga uppruna að rekja til varnarefna sem eru notuð í samræmi við góðar starfsvenjur í landbúnaði og ekki er unnt að aðgreina án þess að beita aðferðum sem breyta efnafræðilegu eðli þessara efnaleifa marktækt. Ekki er lítið svo á að þessar óaðgreinanlegu efnaleifar innihaldi agnir sem verða til við efnaumbrot er leiða til náttúrlegra efna.

7.1.1.1.1.Loftháð niðurbrot

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Ætíð ber að greina frá niðurbrotsleiðinni (eða leiðunum), nema þegar efnablöndur, sem innihalda virka efnið, eru þess eðlis eða aðferðin við notkun þeirra þannig að útilokað er að jarðvegur mengist, til að mynda þegar þær eru notaðar á lagervörur eða til að meðhöndla sár á trjám.

Prófskilyrði

Gera skal grein fyrir niðurbrotsleið (eða -leiðum) í einni jarðvegsgerð.

Gera skal grein fyrir fram komnum niðurstöðum með teikningum sem sýna leiðirnar sem um er að ræða, og með jafnaðaryfirlitum er sýna dreifingu geislamerktis efnis sem fall af tíma, t.d. á milli

- virks efnis,
- CO₂,
- rokkgjarnra efnasambanda annarra en CO₂,
- einstakra auðkenndra umbreytingarefna,
- aðgreinanlegra efna sem hafa ekki verið greind, og
- óaðgreinanlegra efnaleifa í jarðveginum.

Rannsóknin á niðurbrotshraða verður að ná til allra mögulegra þrepa til að lýsa og ákvarða magn óaðgreinanlegra efnaleifa, sem hafa myndast að 100 dögum liðnum, ef þær nema meira en 70% af þeim skammti virka efnisins sem var notaður. Best fer á því að velja aðferðir og tækni í hverju tilviki fyrir sig. Ef efnasamböndunum sem koma við sögu er ekki lýst ber að rökstyðja það sérstaklega.

Að jafnaði tekur prófið 120 daga, nema magn óaðgreinanlegra efnaleifa og CO₂ sé að skemmri tíma liðnum af þeirri stærðargráðu að unnt sé að framreikna það með nægilegu öryggi upp í 100 daga.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu ⁽¹⁾.

7.1.1.1.2. Viðbótarrannsóknir

- Loftfirt niðurbrot

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Gera skal grein fyrir rannsókn á loftfirrtu niðurbroti, nema unnt sé að sýna fram á að ólíklegt sé að plöntuvarnarefnin, sem innihalda virka efnið, verði notuð við loftfirt skilyrði.

Prófskilyrði og prófleiðbeiningar

Sömu ákvæði og fram koma í samsvarandi málsgrein í lið 7.1.1.1.1 gilda.

- Jarðvegsljósrof

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Gera skal grein fyrir rannsókn á jarðvegsljósrofi, nema unnt sé að sýna fram á að ekki sé líklegt að komi til útfellingar virka efnisins á yfirborði jarðvegsins.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

7.1.1.2. Niðurbrotshraði

7.1.1.2.1. Rannsóknir á rannsóknarstofu

Markmið prófsins

Með rannsóknum á niðurbroti í jarðvegi ætti að fást besta mögulega mat á tímanum sem það tekur 50% og 90% (DT_{50lab} og DT_{90lab}) af virka efninu, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefnum, að brotna niður við rannsóknarstofuaðstæður.

- Loftháð niðurbrot

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Ætíð ber að greina frá hraða niðurbrots í jarðvegi, nema þegar plöntuvarnarefni, sem innihalda virka efnið, eru þess eðlis eða aðferðin við notkun þeirra þannig að útilokað sé að jarðvegur mengist, til að mynda þegar þau eru notuð á lagervörur eða til að meðhöndla sár á trjáum.

⁽¹⁾ Society of Environmental Toxicology and Chemistry (SETAC), 1995. Procedures for Assessing the Environmental Fate and Ecotoxicity of Pesticides, ISBN 90-5607-002-9.

Prófskilyrði

Gera skal grein fyrir hraða loftháðs niðurbrots virka efnisins í þremur jarðvegsgerðum til viðbótar við þá sem um getur í lið 7.1.1.1.1.

Til að rannsaka áhrif hitastigs á niðurbrotið þarf að gera eina viðbótarannsókn við 10C á einni af þeim jarðvegsgerðum, sem eru notaðar við rannsókn á niðurbroti við 20_C, þar til löggilt reiknilíkan bandalagsins fyrir framreikning á niðurbrotshraða við lágt hitastig liggur fyrir.

Að jafnaði tekur rannsóknin 120 daga, nema meira en 90% af virka efninu hafi brotnað niður áður en sá tími er liðinn.

Gera skal grein fyrir svipuðum rannsóknum á þremur jarðvegsgerðum með tilliti til allra umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna sem koma fyrir í jarðvegi, og nema á einhverjum tímapunkti meðan á rannsókninni stendur meira en 10% af viðbættu magni virka efnisins, nema þegar unnt er að ákvarða DT_{50} -gildi þeirra á grundvelli niðurstaðna úr niðurbrotsrannsóknum með virka efninu.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

- Loftfirt niðurbrot

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Gera skal grein fyrir hraða loftfirts niðurbrots virka efnisins eigi loftfiringarrannsókn að fara fram samkvæmt lið 7.1.1.1.2.

Prófskilyrði

Rannsaka skal hraða niðurbrots virka efnisins í þeirri jarðvegsgerð sem er notuð í loftfiringarrannsókninni sem er gerð samkvæmt lið 7.1.1.1.2.

Að jafnaði tekur rannsóknin 120 daga, nema meira en 90% af virka efninu hafi brotnað niður áður en sá tími er liðinn.

Gera skal grein fyrir svipuðum rannsóknum á einni jarðvegsgerð með tilliti til allra umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna sem koma fyrir í jarðvegi, og nema á einhverjum tímapunkti meðan á rannsókninni stendur meira en 10% af viðbættu magni virka efnisins, nema þegar unnt er að ákvarða DT_{50} -gildi þeirra á grundvelli niðurstaðna úr niðurbrotsrannsóknum með virka efninu.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

7.1.1.2.2. Vettvangsrannsóknir

- Rannsóknir á dreifingu í jarðvegi

Markmið prófsins

Með rannsóknum á dreifingu í jarðvegi ætti að fást mat á tímanum sem það tekur 50% og 90% (DT_{50} og DT_{90}) af virka efninu að dreifast á vettvangi. Þar sem það á við skal greina frá upplýsingum um viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefni.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Prófanirnar skulu fara fram við aðstæður þar sem DT_{50lab} er meira en 60 dagar, ákvarðað við 20°C og í jarðvegi með rakainnihaldi sem miðast við pF-gildi 2 til 2,5 (sogþrýstingur). Þegar nota á plöntuvarnarefni, sem innihalda virka efnið, í köldu loftslagi verða prófanirnar að fara fram þar sem DT_{50lab} er meira en 90 dagar, ákvarðað við 10°C og í jarðvegi með rakainnihaldi sem miðast við pF-gildi 2 til 2,5 (sogþrýstingur).

Prófskilyrði

Stökum rannsóknum á dæmigerðum jarðvegsgerðum (að jafnaði fjórar mismunandi gerðir) skal haldið áfram þar til > 90% þess magns sem var notað er búið að dreifa sér. Rannsóknirnar mega að hámarki taka 24 mánuði.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

- Rannsóknir á efnaleifum í jarðvegi

Markmið prófsins

Með rannsóknum á efnaleifum í jarðvegi ætti að fást mat á magni efnaleifa í jarðvegi á uppskerutíma eða þegar sáð eða gróðursett er fyrir næstu ræktun.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Gera skal grein fyrir rannsóknum á efnaleifum þegar DT_{50lab} er meira en einn þriðji af tímabilinu frá meðhöndlun og fram að uppskeru og möguleiki er á að næsta ræktun geti sogað upp efnaleifar, nema þegar unnt er að meta efnaleifar í jarðvegi við sáningu eða gróðursetningu fyrir næstu ræktun með áreiðanlegum hætti út frá gögnum úr rannsóknum á dreifingu í jarðvegi eða þegar unnt er að færa rök að því að þessar efnaleifar geti ekki verið plöntum skaðvænlegar eða skilið eftir sig óviðunandi leifar í víxleftirtekju.

Prófskilyrði

Stökum rannsóknum skal haldið áfram fram að uppskerutíma eða sáningu eða gróðursetningu fyrir næstu ræktun, nema > 90% þess magns sem var notað sé búið að dreifa sér.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

- Rannsóknir á uppsöfnun í jarðvegi

Markmið prófsins

Með prófunum ættu að fást nægileg gögn til að unnt sé að meta hvort leifar virka efnisins, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna, hafi safnast fyrir.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Hafi komið í ljós við rannsóknir á dreifingu í jarðvegi að DT_{50f} er meira en eitt ár og endurtekin meðhöndlun er ráðgerð, hvort heldur sem er á sama ræktunartímabili eða á

komandi árum, skal rannsaka hvort hugsanlegt er að efnaleifar hafi safnast fyrir í jarðveginum og finna þrepið þar sem stöðugum styrk er náð, nema unnt sé að fá áreiðanlegar upplýsingar með því að nota reiknilíkan eða annað mat sem hentar.

Prófskilyrði

Langtímarannsóknir á vettvangi skulu gerðar á tveimur viðeigandi jarðvegsgerðum og taka til endurtekinnar meðhöndlunar.

Áður en þessar rannsóknir hefjast skal umsækjandi leita eftir samþykki lögbærra yfirvalda fyrir þeirri tegund rannsóknar sem fyrirhugað er að gera.

7.1.2. *Aðsog og afsog*

Markmið prófsins

Gögn og upplýsingar sem aflað er skulu, ásamt öðrum viðeigandi gögnum og upplýsingum, nægja til að ákveða gleypnistuðul virka efnisins og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Ætíð ber að greina frá rannsóknunum, nema þegar efnablöndurnar, sem innihalda virka efnið, eru þess eðlis eða aðferðin við notkun þeirra þannig að útilokað sé að jarðvegur mengist, til að mynda þegar þær eru notaðar á lagervörur eða til að meðhöndla sár á trjám.

Prófskilyrði

Gera skal grein fyrir rannsóknum á virka efninu miðað við fjórar jarðvegsgerðir.

Gera skal grein fyrir svipuðum rannsóknum á þremur jarðvegsgerðum hið minnsta með tilliti til allra viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna sem í rannsóknum á niðurbroti í jarðveginum nema á einhverjum tímapunkti meira en 10% af viðbættu magni virka efnisins.

Prófleiðbeiningar

OECD-aðferð 106.

7.1.3. *Hreyfanleiki í jarðvegi*

7.1.3.1. Súluútskolunarpróf

Markmið prófsins

Með prófinu ættu að fást nægileg gögn til að meta hreyfi- og útskolunargetu virka efnisins og ef kostur er viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Rannsóknir skulu gerðar í fjórum jarðvegsgerðum takist ekki að fá áreiðanleg gildi fyrir gleypnistuðulinn með aðsogs- og frásogsrannsóknunum sem kveðið er á um í lið 7.1.2.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

7.1.3.2. Súluútskolunarpróf á eldri leifum

Markmið prófsins

Með prófinu ættu að fást nægileg gögn til að meta hreyfi- og útskolunargetu viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Þessar rannsóknir skulu gerðar nema:

- þegar efnablöndurnar, sem innihalda virka efnið, eru þess eðlis eða aðferðin við notkun þeirra þannig að útilokað sé að jarðvegur mengist, til að mynda þegar þær eru notaðar á lagervörur eða til að meðhöndla sár á trjám, eða
- þegar gerð er sérstök rannsókn á umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefnum í samræmi við lið 7.1.2 eða 7.1.3.1.

Prófskilyrði

Ákveða ber öldrunartímabil með hliðsjón af rannsókn á niðurbrotsmynstri virka efnisins og umbrotsefnanna til að tryggja að viðeigandi úrval umbrotsefna sé til staðar þegar útskolun fer fram.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

7.1.3.3. Mælingar á hripi eða útskolun á vettvangi

Markmið prófsins

Með prófinu ættu að fást gögn um:

- hreyfanleika í jarðvegi,
- möguleika á útskolun í grunnvatn,
- möguleika á dreifingu í jarðvegi.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Nauðsynlegt er að fá álit sérfræðinga til að ákveða hvort þörf er á mælingum á hripi (lysimeter studies) eða útskolun á vettvangi, með tilliti til niðurstaðna úr niðurbrots- og öðrum hreyfanleikaprófum og fyrirsjáanlegs styrks í grunnvatni umhverfisins (PEC_{GW}), reiknað í samræmi við ákvæði 9. þáttar III. viðauka. Ræða ber við lögbær yfirvöld um hvers konar rannsókn fyrirhugað er að gera og við hvaða aðstæður.

Prófskilyrði

Huga þarf vel að hönnun á bæði tilraunabúnaði og einstökum rannsóknum til að tryggja að unnt sé að nota niðurstöður, sem þannig fást, við mat. Slíkar rannsóknir ættu að gefa raunhæfa mynd af verstu hugsanlegu aðstæðum, að teknu tilliti til jarðvegsgerðar, veðurskilyrða, skammtastærðar og hve oft og hvenær meðhöndlun á sér stað.

Greina skal vatn sem hripur úr jarðvegssúlum með reglulegu millibili en ákvarða skal efnaleifar í plöntuefnum við uppskeru. Ákvarða skal efnaleifar í jarðvegsþversniði í að minnsta kosti fimm lögum við lok tilraunar. Ekki er æskilegt að taka sýni á millistigum þar sem fjarlæging plantna (nema við uppskeru samkvæmt viðteknum jarðræktaraðferðum) og jarðvegskjarna hefur áhrif á útskolunarferlið.

Útfellingu, jarðveg og lofthita ber að skrá reglulega (minnst einu sinni í viku).

- Mælingar á hripi

Prófskilyrði

Lágmarksdjúprista hripmælisins (lysimeter) skal vera 100 cm; hámarksdjúprista skal vera 130 cm. Jarðvegskjarnarnir verða að vera óhreyfðir. Hitastig jarðvegsins verður að vera sambærilegt við hitastig á vettvangi. Ef til vill þarf að vökva jarðveginn aukalega til að tryggja hámarksvöxt plantnanna og að vatn sfist inn í jarðveginn í svipuðum mæli og gerist á þeim svæðum sem leyfi er sótt um fyrir. Ef hreyfa þarf við jarðveginum af ástæðum sem varða jarðyrkju meðan á rannsókninni stendur má ekki róta við honum á meira dýpi en 25 cm.

- Mælingar á útskolun á vettvangi

Prófskilyrði

Gefa skal upplýsingar um grunnvatnsborð á vettvangssvæðunum. Komi fram sprungur í jarðveginum meðan á rannsókninni stendur skal það tífundað nákvæmlega.

Náinn gaumur skal gefinn að fjölda og staðsetningu vatnssöfnunartækja. Staðsetning þessara tækja í jarðveginum má ekki breyta farvegi vatnsins.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

7.2. Afdrif og hegðun í vatni og lofti

Markmið prófsins

Gögn og upplýsingar sem aflað er skulu, ásamt gögnum um eina eða fleiri efnablöndur sem innihalda virka efnið og öðrum viðeigandi upplýsingum, nægja til að ákveða eða áætla:

- þrávirkni í vatnakerfum (botnfall og vatn, einnig svifagnir),
- að hve miklu leyti vatni, botnfallslífverum og lofti er hætta búin,
- möguleika á mengun á yfirborðsvatni og grunnvatni.

7.2.1. Niðurbrotsleið og -hraði í vatnavistkerfum (sem ekki er fjallað um í lið 2.9)

Markmið prófsins

Gögn og upplýsingar sem aflað er skulu, ásamt öðrum viðeigandi gögnum og upplýsingum, nægja til að:

- gera sér grein fyrir hlutfallslegu mikilvægi þeirra ferla sem koma við sögu (jafnvægi á milli efnafraðilegs og líffraðilegs niðurbrots),
- greina eftir því sem hægt er einstaka efnisþætti sem eru til staðar,
- ákvarða hlutfallslegt magn efnisþáttanna sem eru til staðar og hvernig þeir dreifast með tilliti til vatns, að meðtöldum svifögnum, og botnfalls, og
- gera kleift að skilgreina viðkomandi jarðvegsleifar sem hafa eða geta haft áhrif á tegundir sem eru ekki marktegundir.

7.2.1.1. Niðurbrot við vatnsrof

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Prófið skal ætíð gert á viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefnum, sem nema á einhverjum tímapunkti meira en 10% af viðbættu magni virka efnisins, nema fullnægjandi upplýsingar um niðurbrot þeirra liggi fyrir úr prófi sem fram fer samkvæmt lið 2.9.1.

Prófskilyrði og prófleiðbeiningar

Sömu ákvæði og fram koma í samsvarandi málsgrein í lið 2.9.1 gilda.

7.2.1.2. Ljósfræðilegt niðurbrot

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Prófið skal ætíð gert á viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefnum, sem nema á einhverjum tímapunkti meira en 10% af viðbættu magni virka efnisins, nema fullnægjandi upplýsingar um niðurbrot þeirra liggi fyrir úr prófi sem fram fer samkvæmt liðum 2.9.2 og 2.9.3.

Prófskilyrði og prófleiðbeiningar

Sömu ákvæði og fram koma í samsvarandi málsgrein í liðum 2.9.2 og 2.9.3 gilda.

7.2.1.3. Líffraðilegt niðurbrot

7.2.1.3.1. Fljótvirkur lífbrjótanleiki

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Prófið skal ætíð framkvæmt, nema þess sé ekki krafist samkvæmt ákvæðum VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, með flokkun virka efnisins í huga. Prófleiðbeiningar EBE-aðferð C4.

7.2.1.3.2. Vatns-/botnfallsrannsókn

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Gera skal grein fyrir prófinu nema unnt sé að færa sönnur á að yfirborðsvatn muni ekki verða fyrir mengun.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

7.2.1.4. Niðurbrot á mettaða svæðinu

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Umbreytingarhraði á mettuðu svæði virkra efna, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna, getur gefið gagnlegar upplýsingar um afdrif þessara efna í grunnvatninu.

Prófskilyrði

Nauðsynlegt er að leita álits sérfræðinga til að ákveða hvort þörf er á þessum upplýsingum. Áður en rannsóknirnar hefjast skal umsækjandi leita eftir samþykki lögbærra yfirvalda fyrir þeirri tegund rannsókna sem fyrirhugað er að gera.

7.2.2. *Niðurbrotsleið og -hraði í lofti (sem ekki er fjallað um í lið 2.10)*

Verið er að taka saman leiðbeiningar.

7.3. **Skilgreining á efnaleif**

Í ljósi efnasamsetningar efnaleifa sem koma fyrir í jarðvegi, vatni eða lofti vegna núverandi notkunar, eða ráðgerðrar notkunar, plöntuvarnarefnis, sem inniheldur virka efnið, ber að leggja fram tillögu um skilgreiningu á efnaleifinni þar sem bæði er tekið mið af því í hvaða styrk hún finnst og hvaða þýðingu þessi styrkur hefur í eiturefnafræðilegu tilliti eða út frá umhverfissjónarmiðum.

7.4. **Eftirlitsgögn**

Gera skal grein fyrir fyrirliggjandi eftirlitsgögnum varðandi afdrif og hegðun virka efnisins og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna.“

VIÐAUKI II

„9. AFDRIÐ OG HEGÐUN Í UMHVERFINU

Inngangur

- i) Upplýsingar sem eru veittar, ásamt upplýsingum um virka efnið samkvæmt II. viðauka, skulu vera nógu greinargóðar til að hægt sé að láta fara fram mat á afdrifum og hegðun plöntuvarnarefnisins í umhverfinu og á tegundum, sem eru ekki marktegundir, en geta verið í hættu vegna áhrifa frá því.
- ii) Upplýsingar um plöntuvarnarefnið skulu, ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum og upplýsingum um virka efnið, nægja til að:
- ákveða hættutákn, hættuábindingar og viðeigandi hættu- og varnaðarsetningar til verndar umhverfinu, sem eiga að vera á umbúðum (ílátum),
 - segja fyrir um dreifingu, afdrif og hegðun í umhverfinu ásamt þeirri tímarás sem um ræðir,
 - segja til um hvaða tegundir, sem eru ekki marktegundir, og þýði eru í hættu vegna hugsanlegrar áreitunar, og
 - segja fyrir um ráðstafanir til að draga úr umhverfismengun og áhrifum á tegundir sem eru ekki marktegundir.
- iii) Þegar notað er geislamerkt prófunarefni gilda ákvæði iv.-liðar í inngangi 7. kafla II. viðauka.
- iv) Þegar svo ber undir ber að nota viðeigandi tölfraðilegar aðferðir við gerð prófa og greiningu gagna.
- Tölfraðilegu greininguna ber að sundurliða nákvæmlega (til að mynda ber að gefa allt punktamat með öryggisbilum og tilgreina skal nákvæm p-gildi fremur en að gefa aðeins upp marktækt/ekki marktækt).
- v) Áætlaður styrkur í jarðvegi (PEC_s), vatni (PEC_{sw} og PEC_{gw}) og í lofti (PEC_A) umhverfisins.

Rökstutt mat verður að koma fram á áætluðum styrk virka efnisins, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna, í jarðvegi, grunnvatni, yfirborðsvatni og lofti, eftir núverandi notkun eða ráðgerða notkun. Jafnframt þarf að koma fram mat á verstu hugsanlegu aðstæðum.

Með tilliti til mats á slíkum styrk gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- Áætlaður styrkur í jarðvegi umhverfisins (PEC_s)

Magn efnaleifa í efsta jarðvegslagi sem jarðvegslífverur, sem eru ekki marktegundir, geta orðið fyrir áhrifum af (bráðaog varanleg áreitun).

- Áætlaður styrkur í yfirborðsvatni umhverfisins (PEC_{sw})

Magn efnaleifa í yfirborðsvatni sem vatnalífverur, sem eru ekki marktegundir, geta orðið fyrir áhrifum af (bráða- og varanleg áreitun).

- Áætlaður styrkur í grunnvatni umhverfisins (PEC_{GW})

Magn efnaleifa í grunnvatni.

- Áætlaður styrkur í lofti umhverfisins (PEC_A)

Magn efnaleifa í lofti sem menn, dýr og aðrar lífverur, sem eru ekki marktegundir, geta orðið fyrir áhrifum af (bráða- og varanleg áreitun).

Við mat á framangreindum styrk ber að taka allar viðeigandi upplýsingar um plöntuvarnarefnið og virka efnið til greina. Í EPPO-áætlunum um mat á umhverfishættu er að finna gagnlegar aðferðir til að vinna mat af þessu tagi ⁽¹⁾. Nota ber færíbreyturnar í þessum þætti eftir því sem þurfa þykir.

Ef líkön eru notuð til að meta áætlaðan styrk í umhverfinu verða þau að:

- láta í té besta mögulega mat á öllum ferlum sem máli skipta með tilliti til raunsærra færíbreytna og ályktana,
- ef þess er kostur, hafa verið löggilt með áreiðanlegum hætti með mælingum við aðstæður sem hæfa notkun líkansins,
- henta aðstæðum á notkunarsvæðinu.

Upplýsingar sem eru veittar skulu fela í sér þær upplýsingar sem um getur í 7. þætti A-hluta II. viðauka þegar það á við.

9.1. Afdrif og hegðun í jarðvegi

Eftir atvikum gilda sömu ákvæði um upplýsingar sem ber að gefa um jarðveginn sem er notaður og val á honum og um getur í lið 7.1 í II. viðauka.

9.1.1. Niðurbrotshraði

9.1.1.1. Rannsóknir á rannsóknarstofu

Markmið prófsins

Með rannsóknum á niðurbroti í jarðvegi ætti að fást besta mögulega mat á tímanum sem það tekur 50% og 90% (DT_{50lab} og DT_{90lab}) af virka efninu að brotna niður við rannsóknarstofuaðstæður.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Rannsaka skal þrávirkni og hegðun plöntuvarnarefna í jarðvegi nema unnt sé að framreikna út frá fram komnum gögnum um virka efnið, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefni, í samræmi við kröfur liðar 7.1.1.2 í II. viðauka. Ekki er unnt að koma framreikningi af þessu tagi við þegar um er að ræða efnablöndur með hægvirka losun, svo dæmi sé tekið.

Prófskilyrði

Gera skal grein fyrir hraða loftháðs/loftfirrts niðurbrots í jarðvegi.

Að jafnaði tekur rannsóknin 120 daga, nema meira en 90% af virka efninu hafi brotnað niður áður en sá tími er liðinn.

⁽¹⁾ OEPP/EPPO (1993). Decision-making schemes for the environmental risk assessment of plant protection products. Bulletin OEPP/EPPO 23, 1-154 og 24, 1-87.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

9.1.1.2. Vettvangsrannsóknir

- Rannsóknir á dreifingu í jarðvegi

Markmið prófsins

Með rannsóknum á dreifingu í jarðvegi ætti að fást besta mögulega mat á tímanum sem það tekur 50% og 90% (DT50f og DT90f) af virka efninu að dreifast á vettvangi. Þar sem það á við skal afla upplýsinga um viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefni.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Rannsaka skal dreifingu og hegðun plöntuvarnarefna í jarðvegi nema unnt sé að framreikna út frá fram komnum gögnum um virka efnið, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefni, í samræmi við kröfur liðar 7.1.1.2 í II. viðauka. Ekki er unnt að koma framreikningi af þessu tagi við þegar um er að ræða efnablöndur með hægvirka losun, svo dæmi sé tekið.

Prófskilyrði og prófleiðbeiningar

Sömu ákvæði og fram koma í samsvarandi málsgrein í lið 7.1.1.2.2 í II. viðauka gilda.

- Rannsóknir á efnaleifum í jarðvegi

Markmið prófsins

Með rannsóknum á efnaleifum í jarðvegi ætti að fást mat á magni efnaleifa í jarðvegi á uppskerutíma eða þegar sáð eða gróðursett er fyrir næstu ræktun.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Gera skal grein fyrir rannsóknum á efnaleifum í jarðvegi nema unnt sé að framreikna út frá fram komnum gögnum um virka efnið, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefni, í samræmi við kröfur liðar 7.1.1.2.2 í II. viðauka. Ekki er unnt að koma framreikningi af þessu tagi við þegar um er að ræða efnablöndur með hægvirka losun, svo dæmi sé tekið.

Prófskilyrði

Sömu ákvæði og fram koma í samsvarandi málsgrein í lið 7.1.1.2.2 í II. viðauka gilda.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

- Rannsóknir á uppsöfnun í jarðvegi

Markmið prófsins

Með prófunum ættu að fást nægileg gögn til að unnt sé að meta hvort leifar virka efnisins, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna, hafi safnast fyrir.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Gera skal grein fyrir rannsóknum á efnaleifum í jarðvegi nema unnt sé að framreikna út frá fram komnum gögnum um virka efnið, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefni, í samræmi við kröfur liðar 7.1.1.2.2 í II. viðauka. Ekki er unnt að koma framreikningi af þessu tagi við þegar um er að ræða efnablöndur með hægvirka losun, svo dæmi sé tekið.

Prófskilyrði

Sömu ákvæði og fram koma í samsvarandi málsgrein í lið 7.1.1.2.2 í II. viðauka gilda.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

9.1.2. Hreyfanleiki í jarðvegi

Markmið prófsins

Með prófinu ættu að fást nægileg gögn til að meta hreyfi- og útskolunargetu virka efnisins og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna.

9.1.2.1. Rannsóknir á rannsóknarstofu

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Rannsaka skal hreyfanleika plöntuvarnarefna í jarðvegi nema unnt sé að framreikna út frá gögnum sem eru fengin í samræmi við kröfur liða 7.1.2 og 7.1.3.1 í II. viðauka. Ekki er unnt að koma framreikningi af þessu tagi við þegar um er að ræða efnablöndur með hægvirka losun, svo dæmi sé tekið.

Prófleiðbeiningar

SETAC - Aðferðir við mat á afdrifum og eituráhrifum varnarefna í umhverfinu.

9.1.2.2. Mælingar á hripi og útskolun á vettvangi

Markmið prófsins

Með prófinu ættu að fást gögn um:

- hreyfanleika plöntuvarnarefnisins í jarðvegi,
- möguleika á útskolun í grunnvatn,
- möguleika á dreifingu í jarðvegi.

Aðstæður þar sem þessara upplýsinga er krafist

Nauðsynlegt er að fá álit sérfræðinga til að ákveða hvort þörf er á mælingum á hripi (lysimeter studies) og útskolun á vettvangi, með tilliti til niðurstaðna úr niðurbrotsprófum og öðrum hreyfanleikaprófum og reiknaðs PECS. Ræða ber við lögbær yfirvöld um hvers konar rannsókn fyrirhugað er að gera.

Þessar rannsóknir verða að fara fram nema unnt sé að framreikna út frá fram komnum gögnum um virka efnið, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefni, í samræmi við kröfur liðar 7.1.3 í II. viðauka. Ekki er unnt að koma framreikningi af þessu tagi við þegar um er að ræða efnablöndur með hægvirka losun, svo dæmi sé tekið.

Prófskilyrði

Sömu ákvæði og fram koma í samsvarandi málsgrein í lið 7.1.3.3 í II. viðauka gilda.

9.1.3. Mat á áætluðum styrk í jarðvegi

Mat á PEC_s verður að eiga jafnt við eina staka meðhöndlun þar sem stærsti skammtur er notaður, sem óskað er eftir leyfi fyrir, og hámarksfjölda umferða og stærstu skammta, sem óskað er eftir leyfi fyrir, hvað varðar hverja prófaða jarðvegsgerð um sig og það skal gefið upp í millígrömmum af virka efninu, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefnum, miðað við kílógrömm af jarðvegi.

Þeir þættir sem taka þarf með í reikninginn við mat á PEC_s snerta beina og óbeina meðhöndlun á jarðvegi, vindreka, frástraum og útskolun og fela í sér ferli á borð við uppgufun, aðsog, vatnsrof, ljósrof og loftháð og loftfírrt niðurbrot. Hvað varðar PEC_s útreikninga má gera ráð fyrir að búlkamassi jarðvegs sé $1,5 \text{ g/cm}^3$ í þurrvig og að dýpt jarðvegslagsins sé 5 cm þegar borið er á jarðvegssýfirborðið og 20 cm þegar um er að ræða blöndun í jarðveginum. Ef gróðurþekja er til staðar þegar meðhöndlun fer fram er talið að 50% (lágmark) af skammtinum sem er notaður nái yfirborði jarðvegsins nema fyrirbyggjandi tilraunagögn veiti nákvæmari upplýsingar.

Leggja skal fram upphafs-, skammtíma- og langtímaútreikninga á PEC_s (tímavegin meðaltöl):

- upphafsútreikningar: þegar að lokinni meðhöndlun,
- skammtímaútreikningar: 24 tímum, 2 sólarhringum og 4 sólarhringum eftir síðustu meðhöndlun,
- langtímaútreikningar: 7, 28, 50 og 100 sólarhringum eftir síðustu meðhöndlun, eftir því sem við á.

9.2. Afdrif og hegðun í vatni

9.2.1. Mat á styrkleika í grunnvatni

Skilgreina skal mengunarleiðir í grunnvatni að teknu tilliti til viðeigandi skilyrða á sviði jarðyrkju, plöntuheilbrigðis og umhverfismála (einnig veðurfars).

Leggja skal fram tilheyrilegt mat (útreikninga) á fyrirsjáanlegum styrk í grunnvatni umhverfisins PEC_{GW} vegna virka efnisins og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna.

Mat á PEC verður að eiga við hámarksfjölda umferða og stærstu skammta sem óskað er eftir leyfi fyrir.

Nauðsynlegt er að fá álit sérfræðinga til að ákveða hvort líklegt er að frekari vettvangsrannsóknir geti gefið gagnlegar upplýsingar. Áður en þessar rannsóknir hefjast skal umsækjandi leita eftir samþykki lögbærra yfirvalda fyrir þeirri tegund rannsóknar sem fyrirhugað er að gera.

9.2.2. Áhrif á aðferðir við vatnsmeðhöndlun

Þegar svo ber undir að þörf er á þessum upplýsingum í tengslum við skilyrt leyfi í skilningi b-liðar í lið 2.5.1.2 í C-hluta VI. viðauka skulu veittar upplýsingar gera kleift að segja til um eða áætla skilvirkni aðferða við vatnsmeðhöndlun (meðhöndlun neysluvatns og skolps) og áhrif slíkra aðferða. Áður en rannsóknir hefjast skal umsækjandi leita eftir samþykki lögbærra yfirvalda fyrir þeirri tegund upplýsinga sem á að veita.

9.2.3. Mat á styrkleika í yfirborðsvatni

Skilgreina skal mengunarleiðir í yfirborðsvatni að teknu tilliti til viðeigandi skilyrða á sviði jarðyrkju, plöntuheilbrigðis og umhverfismála (einnig veðurfars).

Leggja skal fram tilheyrilegt mat (útreikninga) á fyrirsjáanlegum styrk virka efnisins, og viðkomandi umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna, í grunnvatni umhverfisins PEC_{sw} .

Mat á PEC verður að vera í tengslum við hámarksfjölda umferða og stærstu skammta, sem óskað er eftir leyfi fyrir, og eiga við um vötn, tjarnir, ár, síki, vatnsföll, áveitu- og framræsluskurði og holræsi.

Þeir þættir sem taka þarf með í reikninginn við mat á PEC_{sw} snerta beina og óbeina notkun í vatni, vindreka, frástraum, losun með holræsum og útfellingu í andrúmslofti og fela í sér ferli á borð við uppgufun, aðsog, aðstreymi, vatnsrof, ljósrof, lífrænt niðurbrot, botnfellingu og endursviflausn.

Leggja skal fram upphafs-, skammtíma- og langtímaútreikninga á PEC_{sw} sem eiga við kyrrstætt og hægfara vatn (tímavegin meðaltöl):

- upphafsútreikningar: þegar að lokinni notkun,
- skammtímaútreikningar: 24 tímum, 2 sólarhringum og 4 sólarhringum eftir síðustu meðhöndlun,
- langtímaútreikningar: 7, 14, 21, 28 og 42 sólarhringum eftir síðustu meðhöndlun, eftir því sem við á.

Nauðsynlegt er að fá álit sérfræðinga til að ákveða hvort líklegt er að frekari vettvangsrannsóknir geti gefið gagnlegar upplýsingar. Áður en þessar rannsóknir hefjast skal umsækjandi leita eftir samþykki lögbærra yfirvalda fyrir þeirri tegund rannsóknar sem fyrirhugað er að gera.

9.3. Afdrif og hegðun í lofti

Verið er að taka saman leiðbeiningar.“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

96/EES/22/07

nr. 16/96
frá 4. mars 1996

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/95 frá 5. apríl 1995⁽¹⁾.

Ráð Evrópusambandsins samþykkti reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95 frá 22. desember 1995⁽²⁾ um aðstoð til skipasmíða þar sem felldar eru inn skuldbindingar þess samkvæmt OECD-samningnum varðandi eðlileg samkeppnisskilyrði í skipasmíðaiðnaðinum og skipaviðgerðum.

Í 10. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3094/95 er kveðið á um að viðkomandi greinar í tilskipun ráðsins 90/684/EBE frá 21. desember 1990⁽³⁾ um aðstoð til skipasmíða, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 94/73/EB frá 19. desember 1994⁽⁴⁾, skuli, að því tilskildu að OECD-samningurinn varðandi eðlileg samkeppnisskilyrði í skipasmíðaiðnaðinum og skipaviðgerðum öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1996, gilda þar til þeim samningi verður komið í framkvæmd, en ekki lengur en til 1. október 1996.

Viðkomandi greinar í tilskipun ráðsins 90/684/EBE frá 21. desember 1990 um aðstoð til skipasmíða, eins og þær voru

teknar upp í EES-samninginn, skulu gilda innan EES eins lengi og tilskipunin gildir innan Evrópusambandsins til að viðhalda samræmdum reglum innan EES.

Því ber að breyta lið 1b í XV. viðauka við samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við í lið 1b (tilskipun ráðsins 90/684/EBE) í XV. viðauka við samninginn:

„t) 13. gr. lesist: Ákvæði þessarar tilskipunar gilda þar til ákvæði 1. - 9. gr. í reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95 um aðstoð til skipasmíða öðlast gildi innan Evrópubandalagsins en eigi lengur en til 1. október 1996.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Henni skal beitt frá 1. janúar 1996.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 158, 8. 7. 1995, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 8. 7. 1995 bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 322, 30. 12. 1995, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 380, 31. 12. 1995, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 351, 21. 12. 1994, bls. 10.